ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



MÁLGAGN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS M-L

18. tbl. 5. árg. 1976

Verð: 100 Kr.

Ritstjórn STÉTTABARÁTTUNNAR beinir því til þeirra áskrifenda sem enn hafa ekki greitt gjaldfallnar áskriftir að greiða þær hið fyrsta. Traustur fjárhagur er megin forsenda þess að við getum stigið það skref að gera blaðið að vikublaði. Greiðið inn á póstgíro 27810.
Útgáfudagur næsta blaðs er 3/11 1976, og handrit verða að hafa borist til ritstjórnar fyrir 28/10.

ritstj.

ÍSLAND ÚR NATO HERINN BURT!

Helgina 16-17 október verður landsráðstefna herstöðvaandstæðinga. Fyrir ráðstefnunni liggur að stofna landssamtök herstöðvaandstæðinga. Þessi ráðstefna er lokapunkturinn fyrir aftan eins árs starfs sem hófst með ráðstefnunni í Stapa í fyrra. Undirbúningurinn að þessarri landsráðstefnu hefur staðið lengi, og í hópum herstöðvaandstæðinga í íbúðahverfum höfuðborgarinnar og út um land hafa hornsteinar nýrrar stefnuskrár verið ræddar. Þá hafa verið haldnir fundir víða um land á vegum miðnefndar, þar sem starfið hefur verið kynnt, flutt framsækin skemmtiatriði, og fólk brýnt í baráttunni.

Fjölmennustu aðgerðir miðnefndar síðasta árið voru keflavíkurgangan 15. maí, en 10-15 þúsund manns tóku þátt í henni. Málstað herstöðvaandstæðinga vex greinilega fylgi dag frá degi, og æ fleiri taka þátt í baráttunni.
Það sem liggur fyrir landsráðstefnunni nú er í fyrsta lagi stofnun nýrra samtaka og í öðru lagi samþykkt stefnuskrár og reglugerðar, og í þriðja lagi skipulagning áróðurs og útbreiðslustarfsins framundan.
Það sem Kommúnistaflokkur Íslands m-l leggur höfuðáherslu á í nýjum landssamtökum herstöðvaandstæðinga er að samtökin verði byggð á einstaklingsaðild, og verði þannig virk liðsmannasamtök með föstu skipulagi. Komið verði á fót deildum herstöðvaandstæðinga sem víðast um landið. Reglugerðin verður að taka mið af því að stjórn samtakanna sé í höndum þeirra sem starfa innan eininga samtakanna.
Kommúnistaflokkur Íslands m-l leggur á það áherslu að í stefnuskrá samtakanna sé kveðið á um baráttu gegn allri heimsvaldastefnu. Baráttan gegn bandarísku heimsvaldastefnunni má ekki leiða af sér grandvaraleysi gagn vart annarri heimsvaldastefnu, sérstáklega ekki gagnvart sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna.
Stefnuskráin verður að kveða skýrt á um að baráttan á Íslandi er liður í baráttu alþýðu heimsins gegn heimsvaldastefnunni, hernaðarbandalögum heimsvaldasinna og gegn stríðsundirbúningi risaveldanna.
Kommúnistaflokkur Íslands m-l hvetur íslenska alþýðu til að taka þátt í starfi samtaka herstöðvaandstæðinga og gera þau að sterku afli í baráttunni fyrir verndun sjálfsforræðis Íslands, gegn stríðsundirbúningi risaveldanna, og gegn allri heimsvaldastefnu.
Ísland út Nato-Herinn burt.
Gegn hernaðarbandalögum heimsvaldastefnunnar.

STJÓRNMÁLA ÁLYKTUN 2. LANDSFUNDAR KFÍ/ML BLS.2

GEGN SKATTPÍNINGU OG SKATTSVIKUM BLS.3

VIÐTÖL VIÐ SJÓMENN BLS.4

VIÐTAL VIÐ LILJU KRISTJÁNSD. BLS.7

UM BARÁTTU NÁMSMANNA BLS.6


STRÍÐS ÆSINGAR USA Í KÓREU BLS.8

Barátta sjómanna:
Hrindum bráðabirgðalögunum gegn sjómönnum

Í síðasta tbl. Stb. var birt harðort mótmælabréf frá skips höfn af Snæfellsnesi við 6. sept. lögum ríkisstjórnarinnar. Gremja sjómanna, sem bréfið bar greinileg merki um, hefur valdið því að þeir hafa nú hafið undirskriftasöfnun meðal sjómanna og landverkafólks gegn bráðabirgðalögunum. En sjómenn láta sér ekki nægja að safna undirskriftum heldur hafa þeir þegar hafið róðrarstöðvun línubáta á Vestfjörðum og sjómenn annars staðar hugsa sér til hreyfings. Þannig má heita öruggt að ef fiskverð hækkar ekki núna um a. m. k. 25-35% þá verður um algjört róðrarstopp að ræða umhverfis landið.

Vestfirðir

Allir línusjómenn á Vestfjörðum neituðu að skrá sig á bátana eftir að bráðabirgðalögin lækkuðu skiptaprósentuna úr ca. 33% og niður í 28,2%. Lækkun skiptaprósentunnar átti því að bætast ofan á minnkandi fiskgengd, sem hefur valdið fækkun báta og minni afla á bát, og fáránlega lágt fiskverð. Útgerðarmenn á Suðureyri og tveggja báta frá Patreksfirði hafa boðið 30% skiptaprósentu og er það álit allra línusjómanna að rétt hafi verið að ganga að því tilboði (samþykkt á almennum fundi sjómanna á Vestfj.). Það er að vissu leyti sigur að tekist hefur að knýja nokkra útgerðarmenn til að bjóða betur en forystuklíkan í LÍÚ setur sem hámark (þ. e. 29,2%). Það er athyglisvert hvernig einn af "fulltrúum" útgerðarinnar, Matthías Bjarnason, skýrir þau 0,8% sem munar á tilboðum LÍÚ og útgerðarmannanna á Suðureyri og Patreksfirði. Hann segir í viðtali við Morgunblaðið 30. sept. síðastliðinn, "að sér væri einnig kunnugt um að útgerðin myndi ekki greiða þessi 0,8% heldur yrðu fiskkaupendur látnir bera þau. Kemur það auðvitað út á eitt fyrir sjómanninn." (undirstrikun Stb).



Hér viðurkennir sjávarútvegsráðherra og þingmaður vestfirðinga, Matthías Bjarnason, það að stórum fjárfúlgum sé stolið af sjómönnum undan skiptum. Hann segir hreint út að útgerðin semji við fiskkaupendur um það hversu stór hluti raunverulegs fiskverðs fari yfir borðið (til skipta milli sjómanna og útgerðar) og hve mikið undir borðið. Svo fullyrðir hann að það komi sjómönnum ekkert við hve miklu af þeim sé stolið. Sjómenn hafa horft upp á það undanfarin ár hvernig útgerðin verður æ háðari fiskkaupendum sem stöðugt yfirtaka fleiri þætti útgerðarkostnaðar ss. veiðarfærakostnað, ískaup, hafnar- og löndunargjöld og fleira. Enda er ástandið orðið þannig að stór hlut félaga í LÍÚ eru fiskkaupendur. Yfirlýsing sem þessi sýnir glögglega að þríeykið, útgerðin, fiskkaupendur og ríkisvaldið, ráðskast að vild sinni með afkomu sjómanna. Sú spurning vaknar hvort það þjóni yfirhöfuð nokkrum tilgangi fyrir sjómenn að taka þátt í Verðlagsráði. Þar mæta jú fulltrúar fiskkaupenda, fiskseljenda (þ. e. LÍÚ og sjómanna) auk oddamanns frá

Framh. bls. 4.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM

STÉTTABARÁTTAN VIKUBLAÐ FRÁ ÁRAMÓTUM!

- SJÁ GREIN BLS.4

Stéttabaráttan

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
STÉTTABARÁTTAN kemur út hálfsmánaðarlega.
Póstfang: Pósthólf 1357, Rvík.
Sími: 27810.
Ritstj. & ábm: Ólafur Ingólfsson
Gíró:27810

STÉTTABARÁTTAN 18 tbl.
5. árg. 14 okt. 1976

Hrindum bráðabirgðalögunum gegn sjómönnum

II. landsfundur miðstjórnar Kommúnistaflokks Íslands m-l var haldinn dagana 25. og 26. september. Fundurinn ræddi m. a. stjórnmálaástandið og sendi frá sér ályktun um það, sem birt er í heild sinni hér í blaðinu.

Það sem einkennir stjórnmálaástandið á Íslandi í dag, að áliti landsfundarins, er, hvernig auðvaldið með aðstoð ríkisvaldsins undirbýr nú stórfelldar árásir á kjör verkafólks og réttindi þess, til að vernda sinn eigin gróða. Árásir þessar hafa ekki einvörðungu í för með sér minnkandi kaupmátt og skertan samningsrétt heldur líka atvinnumissi eins og mjólkurbúðamálið er gott dæmi um.

Þessar kreppuráðstafanir einokunarauðvaldsins hafa nú sýnt sig berlega með útgáfu bráðabirgðalaganna gegn sjómönnum, þar sem reynt er að þvinga þá til að vinna á smánarlegum samningum, sem yfirgnæfandi meirihluti sjómannafélaganna hefur fellt í tvígang auk þess sem lögin banna öll verkföll og samúðarverkföll þann tíma sem þau gilda.

En þessi þvingunarlög gagnvart sjómönnum er aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal. Borgarastéttin og ríkisvald hennar undirbúa enn harkalegri árásir á réttindi verkafólks og vinnandi alþýðu. Félagsmálaráðherra hefur látið semja frumvarp til nýrra laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem myndu þýða stórkostlega skerðingu á réttindum verkalýðsins til að semja um kaup og kjör, nái lögin fram að ganga. Þess vegna er það afar mikilvægt að hrinda bráðabirgðalögunum, sem sett hafa verið gagnvart sjómönnum. Kommúnistaflokkur Íslands verður því að beina meginþunga starfskrafta sinna að þessu verkefni. Það er prófsteinninn á það, hvort KFÍ/ML sé verður þess að vera flokkur verkalýðsstéttarinnar og taka að sér forystuna í baráttu stéttarinnar. Landsfundur miðstjórnar undirstrikaði mikilvægi þessarar baráttu með svofelldum orðum: "Þessi árás auðvaldsins miðar að því að svipta verkafólk mannréttindum og færa baráttu verkalýðsstéttarinnar áratugi aftur í tímann."

Samfara dýpkandi kreppu og auknum rekstrarerfiðleikum atvinnuveganna hafa íslenskir auðmenn með aðstoð ríkisvalds síns hafið stórfelldar árásir á kjör og réttindi alþýðunnar til að komast hjá skertum gróða. Þessar árásir koma nú æ betur í ljós með degi hverjum. En verkafólk er smám saman að rísa upp til baráttu gegn kúgun auðvaldsþjóðfélagsins. Jafnframt því hefur hin spillta og mútuþæga verkalýðsforysta afhjúpað þjónkun sína við auðvaldið og reynst alls ófær um að skipuleggja verkafólk til baráttu eða veita því forystu á einn eða annan hátt. Verkafólk hefur því í auknum mæli skipulagt sig sjálfstætt á grundvelli stéttabaráttunnar, án þátttöku forystumannanna í verkalýðshreyfingunni. Kommúnistaflokkurinn verður æ meir að gefa gaum að þessum sannindum. Hann verður að vera reiðubúinn til að færa æ meiri fórnir í daglegri hagsmunabaráttu verkalýðsins og taka að sér forystu slíkrar baráttu, því hlutverk hans er að sameina verkalýðshreyfinguna og sósíalismann.

1/10

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Ritstjórnir Stéttabaráttunnar og Rauða fánans: Pósthólf 1357, Rvík, einnig í síma 27810
Reykjavíkurdeild: Lindargötu 15, sími: 27810.
Akureyrardeild: Guðvarður M. Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23, einnig pósthólf 650, Akureyri.
Suðurnesjadeild: Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26 Njarðvík, sími: 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Neskaupsstaður: Stuðningsdeild KFÍ/ML, c/o Messiana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Skólabraut 10, Hellissandi.

Hvar geturðu keypt Stéttabaráttuna?

SUÐURLAND:
Reykjavík: Rauða stjarnan, Lindargötu 15.

SUÐURNES: Hrólfur B Ágústsson, Háaleiti 5, Keflavík.

HAFNARFJÖRÐUR: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.

VESTURLAND:
HELLISSANDUR: Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

ÓLAFSVÍK: Jón Guðmundsson, Ólafsbraut 20.

ÍSAFJÖRÐUR: Kristinn Karlsson, Fjarðarstræti 7.

NORÐURLAND:

Akureyri: Guðvarður Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23
Siglufjörður: Söluturnin við Aðalgötu.
Húsavík: Þórarinn Ólafsson, Sólbrekku 5.

AUSTURLAND:

NESKAUPSSTAÐUR: Stuðningsdeild KFÍ/ML, c/o Messiana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.

Íslendingar erlendis.

Nú getið þið keypt Stéttabaráttuna hjá umboðsmönnum okkar í nokkrum borgum á norðurlöndum.

NOREGUR:

Oslo: Katrín H. Andrésdóttir, Sogn Studentby 1310, Oslo 8.

SVÍÞJÓÐ:

SOLNA: Magnús Sæmundsson, Kungshamra 23a, 17170, Solna.

LUNDUR: Jón Rúnar Sveinsson, Kämnarsvägen 5 D: 218
222 46 Lund.

DANMÖRK:

ÅRHUS: Magnús Þorgrímsson, Börglum Kollegiet v 444, Börglumsvej 2, 8240 Risskov.

Ályktun II. landsfundar miðstjórnar KFÍ/ML

Það sem öðru fremur einkennir stjórnmálaástandið í dag, er að í kjölfar kreppu auðvaldsins, ræðst það gegn kjörum og réttindum verkalýðs og vinnandi alþýðu, í því skyni að vernda gróða sinn. Vinnandi alþýða landsins verður að þola óðaverðbólgu og kjaraskerðingar á sama tíma og atvinnurekendur raka saman milljónagróða.

Forsendur síðustu kjarasamninga eru löngu brostnar og skattaálögur á verkalýð hafa verið auknar um tæplega 50% frá fyrra ári. Á sama tíma er fjöldi stórfyrirtækja og auðmanna með öllu skattlaus. Í ár má ætla að fyrirtæki svíki undan skatti rúmlega 7 milljarða króna, en sú upphæð losar rúmlega upphæð tekjuskatts allra einstaklinga í landinu.

Allskyns brask og spilling auðstéttanna hefur verið afhjúpuð undanfarnar vikur og mánuði, og það hefur orðið æ ljósara hverjum alþýðumanni, að auðvaldsþjóðfélagið er þjóðfélag arðráns og misréttis þar sem ríkisvaldið er ekki annað en tæki í höndum auðherranna til árása á verkalýðinn. Þetta sýnir sig greinilega í bráðabirgðalögunum gegn sjómönnum, þar sem sjómenn eru með lagasetningu þvingaðir til að vinna á óviðunandi kjörum og þeir sviptir samningsrétti um kaup og kjör. Með bráðabirgðalögunum er ríkisvaldið að þjóna hagsmunum útgerðarmanna og einokunarauðvalds og þessi lög eru aðeins vísir þess sem koma skal, ef frumvarp til nýrrar vinnulöggjafar nær fram að ganga. Þessi árás auðvaldsins miðar að því að svipta verkafólk mannréttindum og færa baráttu verkalýðsstéttarinnar áratugi aftur í tímann. Miðstjórn Kommúnistaflokks Íslands m-l hvetur allt verkafólk til baráttu gegn þessum þrælalögum - þessi barátta er aðeins upphafið á enn harðari baráttu gegn nýrri vinnulöggjöf.

Árás auðvaldsins kemur einnig fram í formi fjöldauppsagna og stórlega skerts atvinnuöryggis. Í viðleitni sinni til að auka gróða sinn hefur einokunarauðvaldið t.d. ráðist gegn afgreiðslustúlkum í brauða- og mjólkurbúðum og svipt þær möguleikanum til lífsframfæris með því að láta loka búðunum.

En verkalýðurinn hefur snúist til varnar. Fjöldabarátta gegn bráðabirgðalögunum og lokun mjólkurbúða er hafin og íslensk alþýða er einhuga í að láta ekki kúga sig. Undanfarin ár hafa sýnt vaxandi baráttu alþýðunnar gegn kúgunartilraunum auðvaldsins og nægir þar að nefna baráttu verkamanna hjá Kaupfélagi Árnesinga gegn geðþóttauppsögnum, baráttu verkamanna hjá Áburðarverksmiðju ríkisins gegn kaupránslögum og baráttu verkakvenna á Akranesi fyrir jafnrétti til starfs og launa. Í æ ríkari mæli tekur verkafólk málin í eigin hendur og sameinast á grundvelli stéttabaráttu gegn kúguninni.

En ríkisvald auðvaldsins á bandamenn innan raða verkalýðsins. Æðsta forysta Alþýðusambands Íslands og Sjómannasambandsins hefur gert allt sem hún getur til að slæva baráttuvilja alþýðunnar og með makki sínu og undanslætti hefur hún sáð fræjum sundrungar, óeiningar og óvissu. Sáttfýsi hennar við atvinnurekendur hefur rutt nýrri vinnulöggjöf braut. Í þessum málum hafa þeir þingflokkar, sem kenna sig við verkalýðshreyfingu og sósíalisma, einkum Alþýðubandalagið, sýnt sitt rétt andlit. Í stað þess að skipuleggja vinnandi fólk og hvetja til baráttu hafa þeir notfært sér ástandið til atkvæðaveiða og reyna þannig að afla sér álitlegra embætta á Alþingi og innan ríkisstofnana.

Samfara aukinni kúgun innanlands selur auðvaldið sjálfsákvörðunarrétt og náttúruauðæfi landsins í hendur erlendra auðhringa og risaveldanna. Einokunarauðvaldið selur pólitísk og efnahagsleg yfirráð yfir 200 mílna lögsögunni í skiptum fyrir verslunarívilnanir og markaðsgróða. Miðstjórn Kommúnistaflokksins bendir á, að baráttunni í landhelgismálinu er alls ekki lokið, heldur aðeins á byrjunarstigi. Sú barátta sem hafin var, þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 200 mílur, lýkur ekki fyrr en með fullum og óskoruðum yfirráðum Íslands yfir bæði fiskveiði- og siglingalögsögu. Fjöldabarátta gegn braski með sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar er nátengd fjöldabaráttu gegn kreppuráðstöfunum auðvaldsins.

Ásælni risaveldanna beggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, eykst stöðugt samfara hertu vígbúnaðarkapphlaupi. Bæði ríkin seilast til síaukinna áhrifa á Íslandi í formi pólitískra og efnahagslegra ítaka og vegna legu Íslands verður landið bitbein risaveldanna í stríði. Miðstjórn Kommúnistaflokksins hvetur til árvekni gagnvart risaveldunum báðum og bendir á, að einhliða andstaða við bandarísku heimsvaldastefnuna ryður sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna braut. Kommúnistaflokkurinn mun beita sér fyrir aukinni baráttu gegn stríðshættunni, sem sérstaklega stafar frá Sovétríkjunum.

II. LANDSFUNDUR MIÐSTJÓRNAR KFÍ/ML

Dagana 25. og 26. september kom II. Landsfundur Miðstjórnar Kommúnistaflokks Íslands Marxista-Lenínista, saman í Reykjavík. Verkefni landsfundarins voru mjög fjölþætt og viðamikil. Meðal þeirra mála sem á dagskrá voru, var stjórnmálaástandið og verkefni flokksins, skilgreiningin á stéttunum í íslensku þjóðfélagi og sundrungin í röðum marxista-lenínista. Eftir líflegt skoðanaskipti og miklar umræður, var samþykkt ályktun frá landsfundinum um stjórnmálaástandið, en hún er birt annars staðar í blaðinu.

Stjórnmálaástandið og verkefni flokksins.

Eins og fram kemur í stjórnmálaályktuninni frá landsfundinum, var miðstjórnin sammála um að yfirstandandi árásir borgarastéttarinnar á kjör og réttindi verkafólks og sérstaklega sjómanna, gætu leitt til alvarlegs pólitísks ástands fyrir verkalýðsstéttina. Ef þrælalögin sem meina sjómönnum að notfæra sér samningsrétt sinn og banna þeim alla hlutdeild í ákvörðunu lífskjara sinna ná fram að ganga, munu þau draga þungan dilk á eftir sér. Auðvaldið reyndi sama leikinn í fyrra, þegar bráðabirgðalög voru sett á starfsmenn ríkisverksmiðjanna, en þeim var hrundið með einhuga baráttu verkalýðsins. Nú þegar ráðist er gegn sjómönnum, sem á margan hátt standa ver að vígi en verkafólk í landi, verður verkafólk um land allt að rísa upp til andmæla og baráttu gegn árásinni. Sjómenn eru dreifðir um land allt, félög þeirra eru mörg (t.d. í Reykjavík) í höndum óprúttinna svikara og þeir hafa litla möguleika á að tengja baráttu sína í eina heild. Því ber mikla nauðsyn til, að styðja baráttu sjómanna á allan hátt, aðstoða þá eftir megni við útgáfu eigin málgagns sem gæti myndað tengslin milli þeirra og vinna stöðugt að samstöðu landverkafólks með málstað sjómann Verkefni flokksins eru að byggja upp víðtæka samfylkingu á grundvelli stéttabaráttunnar, sem beinist gegn árásum borgarastéttarinnar og fyrirhuguðum breytingum á vinnulöggjöfinni. Í því starfi hefur nokkuð skilað áleiðis og merkin um að verkalýðurinn leitar í æ ríkari mæli eftir sjálfstæðri skipulagningu í baráttunni fara vaxandi. ASÍ-forystan hefur ekki lengur sömu tökin á aðildarfélögunum og verkalýðnum, þess vegna álítur borgarastéttin fulla þörf á nýrri og harðari vinnulöggjöf. Gegn þessu verður að rísa og berjast fyrir sjálfstæðri skipulagningu verkalýðsstéttarinnar.

Skilgreiningin á stéttunum í íslensku þjóðfélagi

All miklar umræður urðu um stéttirnar í íslensku þjóðfélagi. Núverandi skilgreining flokksins hefur verið og er rétt í aðalatriðum. Það sem umræðurnar snerust hins vegar um er afstaðan til starfsfólks í verslunum og á skrifstofum. Álitu sumir að þessir hópar væru hluti verkalýðsstéttarinnar, sem þó gæti ekki gegnt forystuhlutverki í sósíalísku byltingunni og töldu, að iðnverkalýðurinn yrði að leiða þessa hluta öreigastéttarinnar á sama hátt og hann leiðir t.d. bændur. Þeir sem voru á

Framhald á bls. 5.

Gegn skattsvikum og skattpíningu

Í ár nemur tekjuskattur á einstaklinga og félög alls 6 milljörðum 867 milljónum. Hvernig skiptist þessi upphæð? Hverjir greiða hana? Einstaklingar, sem að 90% eru launamenn skulu borga 5 milljarði og 797 milljónir. Félög, þ.e. hlutafélög og fyrirtæki skulu borga 1 milljarð og 70 milljónir.

Þetta eru hrikalegar tölur en ekki furðulegar ef tillit er tekið til þess að 511 stórfyrirtæki sleppa við að greiða tekjuskatt af 37 milljarða veltu. Hér eru reyndar ekki taldir með 473 atvinnurekendur og forstjórar sem eru tekjuskattlausir. Það eru launamenn landsins sem fá að blæða. Þeir fá að borga okurskatta af þurftartekjum sínum til að halda uppi mönnunum með breiðu bökin.

Síaukið misrétti

Hver hefur þróun skattanna verið seinustu árin? Hefur misréttið aukist? Það er ekkert vafamál.

Á seinustu tveimur árum hefur hækkun á neyslu- og tekjusköttum einstaklinga numið 24 þúsund milljónum. Hækkun á félögum er aftur á móti aðeins 148 milljónir.

Það er augljóst hvert stefnir. Ríkisvaldið hyggst þyngja álögur á almenningi hvað sem það kostar. Fyrirtæki eru fríuð í síauknum mæli við skattgreiðslur til þjóðfélagsins. Tölurnar tala sínu máli.

Aukning óbeinu skattanna

Stéttabaráttan hefur áður bent á að tillögur Alþýðuflokksins um niðurfellingu tekjuskatts á einstaklingum séu í reynd bjarnargreiði við launafólk, því Alþýðuflokkurinn gengur ekki beint til verks og krefst niðurfellingar tekjuskatts á þurftarlaunum heldur vill hann taka upp samhliða nýja fjáröflunarleið fyrir ríkið. Hann vill auka óbeina skatta, söluskatt og síðan virðisaukaskatt, svo ríkið tapi nú engu.

Þetta er svívirðileg tilraun til að vega aftan að launafólki. Þrátt fyrir að beinu skattarnir séu slæmir eru þeir óbeinu þó ennþá verri. Þeir koma verst niður á barnmörgu láglaunafólki. Það er ömurlegt til þess að hugsa að "alþýðuflokkur" skuli fara fram á hækkun óbeinna skatta. Hingað til hefur það verið sérbaráttumál íhaldsins og atvinnurekenda.

Það hlýtur að vera eitt af meginbaráttumálum okkar hvað varðar skattalöggjöfina að minnka óbeinu skattana. Í dag eru þeir í miklum meirihluta af fjáröflunarleiðum ríkissjóðs. Af 62 milljarða heildartekjum ríkissjóðs eru um 50 milljarðir fengnir með óbeinum sköttum. Þar er um að ræða söluskatt, viðlagagjald, tolla, aðflutningsgjöld, framleiðsluskatt o.fl.

Þar af gerir söluskatturinn um 23.280 milljónir.

Látum auðvaldið borga sinn skatt

Kommúnistaflokkurinn setur fram þá kröfu að skattar af þurftarlaunum verði afnumdir. Við setjum einnig fram þá kröfu að auðvaldið verði skattað og komið í veg fyrir þau stórfelldu skattsvik sem eiga sér stað og nema milljörðum króna.

Við bendum á að ef stórfyrirtækin væru látin borga tekjuskatt af sínum rekstri kæmi inn upphæð sem er hærri en allir einstaklingar á landinu eru látnir greiða í tekjuskatt. Ríkið kæmi þannig slétt út og engar nýjar fjáröflunarleiðir "þyrfti" eins og Alþfl. talar um.

Við bendum ennfremur á að það er áætlað að söluskattssvik nemi um 10% í heildina tekið. Ef svo er greiða neytendur 2,6 milljarða sem aldrei komast til skila frá kaupmönnum. Það er tæplega helmingur þess sem allir einstaklingar á landinu borga í tekjuskatt.

Í framhaldi af þessu er það því sjálfsögð réttlætiskrafa að fátækum láglaunafjölskyldum sé hlíft við skattaálagningu. Þar er ekki af neinu aukafé að taka sem ekki þarf að fara til brýnustu nauðsynja.

Hvaða leiðir...

Kommúnistaflokkurinn hvetur alþýðufólk til að taka upp baráttuna gegn skattpíningu af stórauknum krafti. Það er þýðingarlaust að bíða eftir því að hálaunaliðið á Alþingi geri einhverjar raunhæfar ráðstafanir. Hér dugar ekkert nema kröftug barátta almennings. Tökum skattamálin upp í verkalýðsfélögunum og öðrum fjöldasamtökum alþýðunnar.

Gerum baráttuna gegn skattpíningunni að þætti í almennri kjarabaráttu verkalýðsstéttarinnar.

-/mvs

Baráttufundur



Samtökin gegn lokun mjólkurbúða efndu til kröfugöngu og baráttufundar í Austurbæjarbíói laugardaginn 25. sept. sl. Fundinn sóttu um 350 manns. Á fundinum komu fram ræðumenn bæði úr röðum neytenda og starfsstúlkna. Auk þess talaði á fundinum fulltrúi frá samtökum sjómanna sem berjast fyrir frjálsum samningsrétti. Dró hann fram í stuttu máli hvernig barátta þessara tveggja hópa væri um margt svipuð og lýsti hann aðdáun sinni á þeim baráttuhug og þeirri einingu sem starfsstúlkurnar hafa sýnt. Fundinum bárust fjöldamörg skeyti og stuðningsyfirlýsingar við baráttu samtakanna gegn lokun mjólkurbúðanna.

Það vakti athygli manna í sambandi við þessar aðgerðir hvernig "hið hlutlausa" ríkisútvarp sagði frá þeim í hádegisfréttunum á laugardeginum. Fyrst kom stutt fréttatilkynning um gönguna og fundinn en strax á eftir kom yfirlýsing frá Stefáni Björnssyni forstjóra Mjólkursölunnar þar sem hann lýsti því yfir að aðgerðir þessar byggðust á misskilningi, og því væri gagnslaust að taka þátt í þeim. Að auki væri þeirra engin þörf sem það væri búið að ráðstafa öllum samsölubúðunum og myndi þjónustan við neytendur batna mjög. Þegar væri búið að tryggja stúlkunum atvinnu eftir lokunina og hann ítrekaði að enn hefði engin kvennanna kvartað vegna atvinnumissis. Ræðumenn á fundinum staðfestu að málflutningur forstjórans er helber lygi frá upphafi til enda. Það virðist að í þessu máli sem og fleirum, eigi lygar atvinnurekenda greiðari aðgang að ríkisfjölmiðlunum, en heiðarleg rök verkafólks. HI/-

Verðbólgan er hagstjórnartæki

Það er ekki aðeins skattakerfið sem er uppspretta gífurlegrar eigna- og gróðamyndunar eignastéttarinnar. Það verður að líta í samhengi við aðra þætti samfélagsins. Hér á ég fyrst og fremst við verðbólguna og bankakerfið. Það er ríkisvaldið og stjórn bankakerfisins sem eru grundvöllur hinnar stórfelldu svikamyllu borgarastéttarinnar.

Lánveitingar banka og fjárfestingarsjóða til burgeisanna nemur þúsundum milljóna á ári. Þær gera þeim fært að safna milljarðaeignum á örfáum árum. Á meðan kjör launafólks eru skert, smálán takmörkuð og sparifé þess gert að engu vegna verðbólgunnar ýta fyrirgreiðslur bankanna undir gífurlega eignamyndun eignastéttarinnar.

Lánastarfsemi bankanna

Tökum dæmi um hvernig braskari notfærir sér lánastarfsemina. Hann tekur t.a.m. 100 milljónir að láni til kaupa á fasteign. Síðan rekur hann eignina með bókhaldslegu tapi í nokkur ár. Skattalöggjöfin gerir honum það kleift. Tapið er svo fjármagnað með nýjum lánum t.d. 20 milljónum alls. Síðan er eignin seld að nokkrum árum liðnum og gæti hafa tvöfaldast í verði vegna verðbólgunnar. Hreinn hagnaður nemur 80 milljónum. Og söluhagnaður er að sjálfsögðu skattfrjáls.

Grátkór útgerðarmanna

Tökum annað dæmi. Útgerðarmenn kvarta ósjaldan yfir rekstrarörðugleikum og tapi. Hálf lætur sá grátkór hjáróma í eyrum ef skyggnst er bak við tjöldin og rýnt milli línanna í bókhaldinu.

Segjum að útgerðarmaður fjárfesti í skipi upp á 300 milljónir króna. Lögin gera honum kleift að afskrifa um 30% af þeirri upphæð á ári. Vegna þessara afskriftareglna getur hagnaður af rekstri numið tæpum 95 milljónum króna á ári án þess að annað en botnlaust tap komi fram í bókhaldi. Skattfrjáls eignamyndun á ári getur þannig numið tugum milljóna sem renna óskiptar til kapitalistans. Á fjórum árum gerir hinn skattfrjálsi gróði 380 milljónir króna. Þá á útgerðarmaðurinn um tvo kosti að velja. Hann getur selt skipið með gífurlegum hagnaði sem auðvitað er ekki skattlagður. Hann getur líka breytt um nafn á útgerðarfyrirtæki skipsins, haldið áfram rekstrinum og hafið afskriftirnar á nýjan leik af fullum krafti.

Þetta er vissulega einfölduð mynd sem dregin er hér upp en samt gefur hún til kynna þá möguleika sem kerfið gefur burgeisunum til skattfrjálsrar gróðamyndunar. Það svívirðilegasta við þetta allt saman er, að fjármagnið sem auðmaðurinn notar upphaflega er yfir 90% aðfengið lánsfé.

Hinir gömlu athafnamenn heyra vissulega sögunni til. Þeir eru þjóðsaga frá uppvaxtartímabili íslenskrar borgarastéttar. Í dag eru það útsmognir fjármálaspekúlantar sem stjórna og nota kerfið, sem þeir sjálfir hafa búið til, til að moka inn óhemjulegum gróða.

Verðbólgan er kúgunartæki burgeisanna

Skattalögin og aðgangurinn að bankakerfinu færa í sameiningu burgeisunum milljónagróða, hreinar eignir sem þeir leggja ekkert til sjálfir. Hlutverk verðbólgunnar er þannig tvenns konar.

Annars vegar er hún notuð sem hagstjórnartæki til að þyngja óbeina skatta og gjöld á launþegum. Það dulareðli sem hún er sveipuð er eingöngu til að hylja þá staðreynd að hún er eitt tæki atvinnurekenda og ríkisvalds til arðráns á alþýðunni.

Hins vegar er verðbólgan grundvöllur stórfelldrar eignamyndunar eignastéttarinnar. Hún étur upp skuldirnar á skömmum tíma, margfaldar verðgildi fjárfestinga og stingur aukagróða í vasa kapitalistanna.

Verðbólguþróunin er því ekki neitt óútskýranlegt náttúrulögmál. Hún er skýranlegt út frá þeim hagsmunum auðstéttarinnar sem að baki henni liggja.

-/mvs

Flett ofanaf skattrannsóknardeild

Er hægt að treysta ríkisvaldinu til að koma á réttlátu skattakerfi? Mun starfsemi Skattrannsóknardeildar koma í veg í veg fyrir skattsvik?

Þessum spurningum held ég flestir geti svarað neitandi. Reynslan hefur leitt í ljós að þær endurbætur sem ríkið hefur staðið fyrir í þessum málum hafa aðeins verið kattarklór. Þær hafa aldrei breytt neinu að marki. Rekstur skattrannsóknardeildar er dæmigerður fyrir þessa blekkingastarfsemi. Þessi stofnun sem sögð er eiga að rannsaka og upplýsa skattsvik hefur eingöngu beint spjótum sínum að framtölum launamanna en leitt hjá sér stórlaxana.

Í Dagblaðinu fyrir nokkru birtist athyglisvert lesendabréf eftir starfsmann á Skattrannsóknadeild. Þetta bréf er mjög afhjúpandi og svikamyllan krufin svo rækilega að ekkert dagblaðanna hefur lagt út af því. Starfsmaðurinn kemur aðeins of mikið við kaunin á burgeisunum og skríbentum þeirra.

Í lesendabréfinu stendur: "Ríkisskattstjóri ákveður á hverjum tíma hvaða rannsóknir skuli fara fram og gengur sú skipun til dæmis til Skattstofunnar í Reykjavík, sem framkvæmir frumrannsókn. Sé um skattsvik að ræða er málið sent aftur til ríkisskattstjóra til umfjöllunar þar sem það er annaðhvort unnið strax, saltað eða sent til baka til viðkomandi skattstofu til afgreiðslu. En sú spurning vaknar hví ríkisskattstjóri velur fjölmennustu stéttir í landinu, launþega og smáatvinnurekendur vitandi það að með því starfsliði sem til staðar er nægja ekki 365 á ári til verkefnisins. Ekkert er um það að rannsóknarmenn eigi frumkvæði að skattrannsókn t.d. eftir útkomu skattskrár eða eftir ábendingum."

Og starfsmaður Skattrannsóknardeildar heldur áfram: "Er það ríkisskattstjóri eða fjármálaráðherra sem sjá til þess að kaffæra rannsóknardeildina í vonlausum verkefnum eða eru það stjórnmálaflokkar, þingmenn, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur eða verktakaklíkur. Grunur minn er sá að það séu ákveðin öfl á bak við ríkisskattstjóra sem sjái til þess að skapa glundroða hjá rannsóknardeildinni. Þessi glundroði sem þessi ákveðnu öfl hafa skapað eru þess valdandi að raunverulegir fjárglæframenn og skattsvikarar ganga lausir."

Þetta eru athyglisverð orð og ekki miklu við þau að bæta. Nú getur hver og einn lesandi þessarar greinar velt því fyrir sér hvers vegna 96% af starfskrafti skattrannsóknardeildar er látin eltast við smáupphæðir hjá launþegum. Og hvers vegna rannsókn á skattframtölum eru háð því að æðsti presturinn, ríkisskattstjóri, veiti leyfi sitt.

Við skulum klykkja út með setningu úr grein skattrannsóknamannsins:

"Komið hefur fyrir að rannsóknamenn hafi fengið það sem kalla mætti stóra skattsvikara og hafa þeir því álitið í gamni að sá hafi ekki viljað borga í flokkssjóðinn, eða neitað uppsettu verði hjá endurskoðanda sínum eða lögfræðingi."

-/MVS

Hrindum bráðabirgðalögunum gegn sjómönnum!

Undanfarnar vikur hefur barátta sjómanna fyrir mannsæmandi kjörum og frjálsum samningsrétti stöðugt harðnað. Eftir að sjómannasamningarnir voru felldir í flestum sjómannafélögum lögleiddi ríkisvaldið, að beiðni LIU, samningsdrögin þar sem lækkun skiptaprósentunnar var staðfest og sjómenn um leið sviptir frjálsum samningsrétti. Lækkun skiptaprósentunnar og algerlega óviðunnandi lágt fiskverð hefur knúið sjómenn til baráttu fyrir lífskjörum sínum og mannréttindum, til baráttu gegn þrælalögum ríkisstjórnarinnar.
Þessi barátta fer nú fram með undirskriftasöfnun sem skorar á Alþingi að ógilda bráðabirgðalögin, en ennfremur hafa sjómenn hótað að ganga í land allir sem einn maður fáist ekki viðunandi fiskverð og frjáls samningsréttur. STÉTTABARÁTTAN tók eftirfarandi viðtöl við þá Guðmund Jónsson, skipstjóra á togaranum Júní frá Hafnarfirði, og Ólaf G. Gíslason, 1. stýrimann á sama togara. Báðir standa þeir framarlega meðal þeirra sem standa að undirskriftasöfnununni og hafa ákveðnar skoðanir á því hvernig heyja eigi baráttuna.

„Endurreisum félögin"

- Hver var aðdragandi þess að samstarfsnefnd sjómanna var stofnuð í fyrra?

ÓGG: Þegar nýtt fiskverð varð ákveðið í fyrrahaust kom í ljós að það fól í sér ca. 30% lækkun á ufsa. Þetta þýddi vitaskuld gífurlega kjaraskerðingu fyrir togarasjómenn þar sem meginuppistaða haustaflans er ávallt ufsi.

Þetta verð kom öllum mjög á óvart, þar sem vitað var að ýmsir fiskverkendur við Faxaflóa og á Reykjanesi keyptu þá þegar ufsa af bátunum á jafnaðarverði, sem var allt að því helmingi hærra en dýrasti verðflokkurinn. Þess verðákvörðun beindi því öllum sóknarþunga togaranna á þorskinn en ekki frá honum eins og Matthías Bjarnason hefur svo oft haldið fram.

Það sló menn þó mest að okkar menn í Verðlagsráði, þeir Ingólfur Ingólfsson og Kristján Ragnarsson skyldu samþykkja þetta fiskverð með undirskrift sinni. Að vísu vissum við að Kristján Ragnarsson varð að sitja klofvega við borðið til að geta gætt hagsmuna allra þeirra fiskkaupenda sem eru í LÍÚ. Hvað olli því að Ingólfur Ingólfsson skrifaði undir er mönnum hins vegar enn þann dag í dag óskiljanlegt.

Til að mótmæla verðákvörðuninni kusu áhafnir þeirra skipa sem voru inni hér á suðvesturhorninu sér fulltrúa til að tala sínu máli. Nefndin var þannig að mestu skipuð sunnlendingum en ánægjulegt er að vita að sú hreyfing sem nú hefur tekið af skarið í baráttu sjómanna er samansett af sjómönnum úr öllum landsfjórðungum auk þess sem hún hefur trygga tengla eða fulltrúa í öllum eða a.m.k. flestum verstöðvum. Það sýnir styrk þessarar hreyfingar.

Ef við snúum okkur aftur að Verðlagsráði þá er forkastanlegt að sjómannasamtökin skuli ekki hafa hagfræðing bara í því að fylgjast með hreyfingum á heimsmarkaðsverði. Ástandið er nú svo svart, að samtökin eru ekki einu sinni áskrifendur að helstu "heimsmarkaðsblöðum" sem gefin eru út. Þannig hafa fulltrúar okkar í Verðlagsráði lítið annað í höndunum en gráttölur Sveins Ben., eða upplýsingar frá fulltrúa "hins hlutlausa ríkisvalds", þjóðhagsstofustjóranum Jóni Sigurðssyni.

- Hver varð árangur samstarfsnefndarinnar?

ÓGG: Kannski má segja að mesti árangur samstarfsnefndarinnar hafi verið að vekja sjómenn almennt til vitundar um svínaríið sem ríkir í íslenskum sjávarútvegi í dag. Henni tókst hins vegar ekki að afnema sjóðakerfið þó svo að ársgamall olíusjóður væri lagður niður auk hluta af tryggingarsjóði. Sjóðir eins og aflatryggingarsjóður, þar sem útgerðin getur hreinlega hagað sínum málum þannig að sem stærstar fúlgur fáist út eru enn við lýði. Eða með öðrum orðum, sumum úgerðarmönnum er hreinlega gert kleift að gera út á kerfið.

Þá vildi samstarfsnefndin auka hlut starfandi sjómanna í gerð og við mótun krafna og að þeir tækju sjálfir meiri þátt í samningagerðinni. Þannig lögðum við fram tillögur um nýtt fiskverð sem grundvallaðist m.a. á færeyska fiskverðinu og sem við gátum sætt okkur við. En hér strandaði, sem oft fyrr, á forystunni sem barðist beint gegn þessu tiltæki okkar. Það virðist oft svo sem forystan vilji halda starfandi sjómönnum utan við allt starf í félögunum. Við megum hins vegar aldrei gefast upp þótt hluti forystunnar sé okkur mótsnúin. Þvert á móti verðum við að þjappa okkur saman til órofa baráttu fyrir hag sjómanna og endurreisn félaganna.

„Sjómenn sameinaðir í baráttunni"

Guðmundur Jónsson byrjaði viðtalið með að benda á, að þegar bráðabirgðalögin voru sett, hefði ekki verið búið að reyna á það hvort hægt hefði verið að ná samkomulagi. T.d. hefðu engir aðiljar að samningunum á stóru togurunum sagt upp samningum, hvorki FÍB (Félag íslenskra Botnvörpuskipaeigenda) né sjómenn. Það sama hefði gilt um Vestfirði Samningum þar hefði aldrei verið sagt upp. Sjómenn bentu á, að þegar sjóðakerfinu hefði verið komið á og sjómenn vildu fá hærri skiptaprósentu hefði þeim verið sagt að stofnun sjóðanna kæmi ekkert inn á samninga. Þeir opnuðust ekki þó sjóðir væru stofnaðir með lagasetningu. Því vilja sjómenn meina að þó afnema eigi sjóðakerfið þá eigi það heldur ekki að opna samninga eða leiða til lægri skiptaprósentu eða fiskverðs.

Guðmundur benti á, að Félagsdómur hefði í sumar hveðið upp þann úrskurð, að þar sem samningar væru lausir, skyldi greitt eftir samningunum síðan í vetur, þ.e. samkvæmt lækkaðri skiptaprósentu, en þar sem samningar væru ekki lausir, þar sem þeim hefði ekki verið sagt upp, skyldi greitt eftir gömlu samningunum. Þetta þýðir að sjómenn á Vestfjörðum og skuttogurunum hefðu átt að fá greitt samkvæmt gömlu skiptaprósentunni þar eð samningar þeirra voru ekki uppsagðir. Guðmundur sagði, að Félagsdómur væri hreinn stéttadómur þar sem dómsúrskurður væri ávallt í hag aðeins eins aðilja, atvinnurekendans. Þorri útgerðamanna hefði verið ánægður með úrskurð félagsdóms, en það hefðu útgerðarmenn á Vestfjörðum ekki verið, og viljað greiða eftir samningunum síðan í vetur. Alþýðusamband Vestfjarða var í máli við útgerðarmenn út af þessu, og var dóms að vænta í því, en því lauk snögglega með setningu bráðabirgðalaganna. Með þeim hefði Matthías Bjarnason vissulega þjónað útgerðarmönnum vel, og sérstaklega peningamönnunum sem standa að baki honum fyrir vestan, en Matti Bjarna er sem kunnugt er frá Ísafirði.

Guðmundur sagði, að bráðabirgðalögin væru þrælalög sem sett væru algerlega eftir höfði útgerðarinnar. Með þeim ætti að þvinga sjómenn til að vinna á algerlega óviðunandi kjörum, og gera þá að einhverskonar þriðja flokks borgurum, sem ekki hefðu full mannréttindi, en samningsréttur er vissulega mannréttindi. Með lögunum væri verið að múlbinda sjómenn og kúga þá til að þræla á skítakjörum.

Aðspurður um markmið aðgerða sjómanna sagði Guðmundur:

"Aðgerðin beinist fyrst og fremst að því að fá bráðairgðalögin ógild. Undirtektir sjómanna við aðgerðirnar eru 100%, og þær eiga sér fullan stuðning jafnt hjá meðlimum Sjómannasambandsins sem meðlimum Farmanna og fiskimannasambandsins. Fyrir utan lista sem ætlaðir eru sjómönnum að skrifa á, eru aðrir listar sem ætlaðir eru almennum launþegum og öllum sem styðja þessa baráttu að skrifa á. Hinn almenni launþegi verður að hafa hugfast að bráðabirgðalögin eru tilræði við sjálfan samningsréttin og vísir að því sem vænta má af nýrri vinnulöggjöf. Hvar í flokki sem fólk er verður það að snúast til varnar gegn þessu tilræði ríkisvaldsins við frjálsan samningsrétt. Við getum skoðað þessa baráttu gegn bráðabirgðalögunum sem liðskönnun fyrir baráttu gegn vinnulöggjöfinni. Það mun koma í ljós hverjir eru fúsir til baráttu og hverjir ekki."

Í þessu sambandi vil Stéttabaráttan minna á, að meðal ákvæða í frumvarpi að nýrri vinnulöggjöf er að finna ákvæði sem heimila ráðherra að fresta verkföllum undir 100 manna hópa um allt að 60 dögum, stóraukið vald sáttasemjara og grófa íhlutun um innri skipulagsmál verkalýðsfélaganna ss með því að kveða á um að a.m.k. 25% meðlima verði að greiða atkvæði gegn sáttatillögu til að hægt sé að fella hana.

Auk þess er gert ráð fyrir stóraukinni miðstýringu verkalýðsfélaganna og að samningsréttur verði tekin af einstökum aðildarfélögum en fengin í hendur sérsambandanna eða ASÍ. Þá er einnig lengdur boðunartími verkfalla og á allan hátt reynt að skerða baráttuhæfni verkalýðshreyfingarinnar. Stéttabaráttan tekur undir þau orð Guðmundar að bráðabirgðalögin séu forsmekkur þess sem koma skal með nýrri vinnulöggjöf.

Guðmundur sagðist vilja benda á að ef fiskverð sem ákveða á um mánaðarmótin verður ekki gott, verði sprenging sem ekki verði auðvelt að ráða við. Sjómenn væru orðnir langþreyttir á að vera troðnir í svaðið, og hann sagði að vafalaust myndu sjómenn ganga á land ef fiskverð verður lágt. Nú þegar hafa vélstjórar á togurum hótað því, og aðrir munu fylgja í kjölfarið. Undirskriftalistarnir verða afhentir Alþingi 26. okt nk., og þá mun koma í ljós hvort alþingismenn ætla að píska sjómenn áfram eða hvort þeir afnema ólögin.

Í dag er forysta sjómannafélaganna hikandi og sundruð í afstöðu sinni til þess hvernig á að snúast gegn bráðabirgðalögunum. En áður en til úrslitaorustunnar dregur verður hún að sameinast ef hún á að geta veitt baráttu sjómanna leiðsögn og samið fyrir hönd umbjóðenda sinna. Sjómenn eru í dag sameinaðir í baráttu fyrir hagsmunum sínum og þá má ekki vera sundrung í forystusveitinni, sagði Guðmundur Jónsson að lokum.

Stéttabaráttan tekur undir orð hans, og brýnir sjómenn og alla launamenn til baráttu gegn kúgunaraðgerðum ríkisvaldsins og útgerðarmanna. Sú barátta er nú er að hefjast mun enn harðna því hún er til varnar lýðréttindum allra vinnandi manna.



Sjómaðurinn kemur út.


Sjómaðurinn
Við viljum svör Matti
Frjáls samningsréttur

"Frjáls samningsréttur", samtök sjómanna sem berjast gegn bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 6. sept. hafa nú gefið út 1. tbl. af málgagni sínu "Sjómaðurinn". Það er vilji samtakanna að blaðið komi áfram út ef það fær hljómgrunn meðal sjómanna. Verður þá e.t.v. stofnað útgáfufélag um rekstur blaðsins.

Stofnun slíks blaðs var orðin mjög tímabær. Þau tvö blöð sem fjalla um sjóinn (Sjómannablaðið Víkingur og Sjávarfréttir) forðast eins og heitan eldinn að fjalla um kjara- og öryggismál sjómanna. Eitt af því sem gerir samtök sjómanna svo vanmáttug er hversu dreifðir sjómenn eru og óskipulagðir. Raunverulegt sjómannablað er því mikilvægt tæki til að sameina sjómenn um baráttumál líðandi stundar og endurreisn sjómannafélaganna.

STÉTTABARÁTTAN óskar sjómönnum til hamingju með nýja blaðið og vonar að það muni reynast þeim styrkur í þeirri baráttu sem þeir heyja nú fyrir kjörum sínum og rétti.

-/ritn.

framhald á forsíðu

Barátta sjómanna:

ríkisvaldinu. Dæmið að vestan sannar að LÍÚ hefur selt sig löngu áður en inn í Verðlagsráð er komið. Fulltrúi sjómanna stendur því einn þar sem ríkisvaldið hefur löngum sýnt sitt eðli.

Ef yfirnefnd Verðlagsráðs ákveður fiskverð núna í október sem er eitthvað í líkingu við fiskverðið í fyrrahaust og taki þannig ekkert tillit til stórlegrar hækkunar á heimsmörkuðum þá mun þeirri skoðun sumra sjómanna vaxa fylgi að færa beri fiskverð inn í almenna samninga.

-/PS



Stefnuplagg ASÍ forystunnar

Forysta Alþýðusambands Íslands undirbýr nú þing sambandsins. Eitt meginmálið að mati forystunnar er samþykkt stefnuskrár fyrir ASÍ, sem miðar að því að skilgreina nánar hlutverk og markmið sambandsins að því að segir í inngangi plaggsins. Við yfirferð á þeim frumdrögum sem skrifstofa ASÍ hefur sent frá sér til umfjöllunnar hjá hinum ýmsu aðildarfélögum, kemur í ljós hvert er hlutverk og markmið þeirra manna sem drögin sömdu og hvert hlutverk þeir ætla verkalýðshreyfingunni. Stefnuskrárdrögin varpa ljósi á núverandi forystu ASÍ og þingundirbúningin í heild sinni.

Stefnuskrárdrögunum má skipta í tvo meginkafla, 1. almenn pólitísk afstaða verkalýðsforystunnar og 2. kjaramál.

Sú pólitíska afstaða sem sett er fram í þessu plaggi einkennist af því að í rauninni er ekkert sagt hreint út og sjónarmið verkalýðsstéttarinnar ætíð túlkað sem almenn réttlætisafstaða án stéttarlegs innihalds. Stefna ASÍ-forystunnar er mjög hógvær fyrir hönd verkalýðsins, gott dæmi um þá kratapólitík sem gegnsýrir stefnuna er þetta stefnuatriði: "Alþýðusamband Íslands vill afnema einkaeignarrétti að því leyti, sem hann hindrar þróun lýðræðis og hagkvæma og skipulega nýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar." (Undirstr. Gr.). Ennfremur:"Krafan um lýðræði í atvinnulífinu er einn þáttur þeirrar viðleitni verkalýðshreyfingarinnar að færa lýðræðisleg stjórnarform til fleiri þátta þjóðlífsins, auka áhrif og völd verkafólks í atvinnulífinu almennt. Lýðræðið í atvinnulífinu er þáttur þess almennt aukna efnahagslega lýðræðis, sem verkalýðshreyfingin hefur að markmiði. Hún lítur á það sem sjálfsagt réttlætismál og mannréttindi að þeim auði, sem myndast í þjóðfélaginu af daglegri vinnu verkafólks, sé stjórnað og ráðstafað af því sjálfu, ýmist beint með áhrifavöldum í fyrirtækjum og á vinnustað, eða gegnum lýðræðislegar valdastofnanir þjóðfélagsins." Lýðræði-áhrif-völd og ábyrgð, þetta eru fjögur lykilhugtök stefnuyfirlýsingarinnar. Öll barátta og reynsla verkalýðsins í gegnum áratugina er leyst upp í innantómt hjal sem er ætlað til þess að svæfa verkalýðinn og telja honum trú um að hagsmunir hans og borgarastéttarinnar fari saman í grundvallaratriðum, það eina sem á vanti sé "aukið lýðræði" "aukin áhrif" "aukin völd" fyrir verkafólkið sem á að greiða fyrir þessi gæði með"aukinni ábyrgð"

Þessir menn ætla að reyna að fela fyrir verkalýðsstéttinni ára tuga svika og eymdartilveru kratismans sem hefur alla sína tíð stefnt að þessum "auknu fríðindum" fyrir verkalýðinn en ætíð staðið fyrir aukinni eymd og arðráni.

Það sjónarmið sem verður að stefna gegn þessari "aukningu" kratanna er að auka vitund verkalýðsins- þannig að hann geri sér ljóst að það er ekki hægt að deila búi með auðvaldinu. Hlutverk og markmið krata, hvort sem þeir eru skipulagðir í Alþýðuflokknum, Alþýðubandalaginu eða einhverju öðru pólitísku útibúi borgarastéttarinnar, er einmitt til að hindra það að verkalýðurinn öðlist þessa vitund.

LÝÐRÆÐISÁST FORYSTUNNAR.

Lýðræðishugmyndir núverandi forystu ASÍ öðlast sinn rétta svip þegar haft er í huga það starf sem þessir menn hafa unnið undanfarin ár í verkalýðs hreyfingunni. Þeir hafa með ráðum og dáð reynt að skerða og takmarka innan sinna eigin félaga-starf þeirra hefur æ meira einkennst af lokuðum fundum meðburgeisum og færri fundum með verkafólkinu. Í stefnuplagginu segja þeir: "Á hverju stigi baráttunnar þarf að kkma til víðtæk umræða meðal verkafólksins og fræðsla af hálfu samtakanna." Þetta pára þeir á pappír samtímis því sem þeir reyna að sölsa sem mest völd til sín frá einstökum félögum innan ASÍ. Af hverju tala þeir um "víðtæka umræðu meðal verkafólks" núna -af hverju hafa þeir ekki stuðlað að henni áður? Já af hverju?

Svarið felur í sér tilgang og markmið stefnuplaggsins, þ.e. að reyna að blekkja verkalýðinn og viðhalda trausti hans á þeim krötum sem nú sitja í æðstu stólum verkalýðshreyfingarinnar.

FORYSTAN OG FÓLKIÐ

Það er athyglisvert að bera



saman stefnuskrárdrögin og þann veruleika sem er til staðar í íslenskri verkalýðshreyfingu. Það sem hefur verið að gerast undanfarið er að verkafólk hefur í æ ríkari mæli lýst vantrausti á toppmenn verkalýðshreyfingarinnar. Og það verkafólk sem hefur lagt út í skelegga baráttu, (verkfallið hjá KÁ Selfossi, verkfall verkakvenna á Akranesi, barátta mjólkurbúðakvenna og barátta sjómanna gegn bráðabirgðalögunum), hefur háð sína baráttu án þátttöku "forystunnar" og jafnvel í beinni andstöðu við hana. Verkalýðurinn leitar æ minna eftir tengslum við þessa herra sem eiga að teljast forysta heildarsamtaka íslenskrar alþýðu.

Starf og stefna kratanna í forystu íslenskrar verkalýðshreyfingar er andstæð hagsmunum verkalýðsins, stefnuskráin táknar því ekkert nýtt tímabil fyrir verkalýðshreyfinguna. Hún er staðfesting á því að allar hugmyndir þeirra og starf þjóna stéttarandstæðingnum - kjarni stefnuskrárdraganna er stéttasamvinna dulbúin í tali um völd og áhrif verkalýðsins.

Stefnuskráin mun engu breyta varðandi núverandi forystu ASÍ, hún mun áfram sitja á rökstólum með fulltrúum auðvaldsins. Verkafólk mun halda áfram á þeirri braut sem segir skilið við svikula forystu.

grettir.

II. LANDSFUNDUR MIÐSTJÓRNAR KFÍ/ML

Framhald af síðu 2.

öndverðu meiði töldu hins vegar að forystuhlutverkið væri afgerandi og markaði skilin milli verkalýðs og hópa sem stæðu á mörkum verkalýðsstéttar og smáborgarastéttar. Var ákveðið að skipuleggja þessar umræður meðal allra félaga og í Rauða Fánanum, fræðilegu málgagni flokksins. Lögð var áhersla á, að félagar flokksins hafa ævinlega haft rétta afstöðu til höfuðmóthverfu íslenska þjóðfélagsins, þótt enn hefði þetta spursmál ekki verið útkljáð.

Sundrungin í röðum marxista-lenínista.

Landsfundur miðstjórnar fjallaði um sundrungartilhneigingar í röðum marxista-lenínista og leiðir til úrbótar. Að loknum fjörugum umræðum komst fundurinn að þeirri niðurstöðu, að afstaða flokksins til annara samtaka sem kenna sig við marxismann-lenínismann yrði að vera sameign allra flokksfélaga. Brýna nauðsyn bæri því til að virkja alla félaga til umræðna um þessi mál og kalla saman III. landsfund miðstjórnar flokksins að þeim loknum. Fundurinn fagnar þeirri staðreynd, að EIKm-l og systurflokkar þeirra á Norðurlöndum hafi nú tekið upp rétta afstöðu til stéttanna í meginatriðum og væntir þess að sú nálgun til afstöðu KFÍ/ML sem orðið hefur muni auðvelda baráttuna fyrir sameiningu marxista-lenínista á Íslandi. Hins vegar varar landsfundurinn við þeim vinnubrögðum sem ljóslega koma fram í svokölluðum "sameiningargrundvelli" EIKm-l, þar sem reynt er að draga fram skilyrði og forsendur, sem vitað er fyrirfram að muni koma í veg fyrir sameiningu. Landsfundurinn átaldi framkomu EIKm-l þann 21. ágúst mjög harðlega, en taldi að eigið starf hafi ekki verið fullkomlega rétt unnið. Áleit fundurinn að leggja verði höfuðáhersluna á fjöldaskipulagningu og fjöldabaráttu, og taldi að vettvangur hennar væri fyrst og fremst í fjöldasamtökum en ekki í samkomulagi "að ofan" við önnur samtök.

Landsfundinum var slitið um kvöldið 26. september.

GERIST ÁSKRIFENDUR! að STÉTTABARÁTTUNNI

Ályktun II. landsfundar KFÍ/ml um Stéttabaráttuna

Brýnustu verkefnin í uppbyggingu aðalmálgagns flokksins, Stéttabaráttunnar eru:

1. Ritstjórn blaðsins verður efld með:
   a) Ritnefndarfélagar hafi starf fyrir blaðið sem höfuðverkefni,
   b) verkamenn og -konur skipi meirihluta ritnefndar.
2. Fjárhagur blaðsins verði réttur eins fljótt og unnt er með rukkun áskrifta, áskriftasöfnun og aukningu lausasölu, í því augnamiði að tryggja reglubundna útgáfutíðni og fastráðningu launaðs starfsmanns.
3. Miðlægar einingar og almennir félagar sameinist um að vinna allt starf sitt með tilliti til þess að Stéttabaráttan tengist verkalýðnum á vinnustöðunum.
4. Skipulagning vinnslu og frágangs verði með þeim hætti að unnt sé að koma við árangursríkri sjálfboðavinnu flokksmanna og stuðningsmanna.

Í þessari röð verður að vinna að uppbyggingu blaðsins, þannig að tryggt sé að Stéttabaráttan komi út sem vikublað frá og með næstu áramótum.

Stéttabaráttan vikublað frá áramótum

Það verður ljósara með degi hverjum að verkalýðsstéttin þarfnast öflugs baráttumálgagns. Atburðir undanfarinna ára í verkalýðsbaráttunni, ss verkfallið í Áburðarverksmiðjunni, verkfallið á Akranesi, verkfallið við KÁ-verkstæðið á Selfossi og nú í dag, aðgerðir sjómanna og mjólkurbúðastúlkna, sýna svo ekki verður um villst að baráttan er að móta sér nýjan farveg, þar sem verkafólkið stendur á grundvelli stéttabaráttulínu en hafnar uppgjafastefnu og undanslætti verkalýðsforystunnar. Þessi barátta tveggja lína innan verkalýðshreyfingarinnar endurspeglast berlega í baráttu afgreiðslustúlkna í mjólkurbúðum fyrir lífshagsmunum sínum. Þar hefur forysta ASB lagst gegn fjöldabaráttunni, en í stað rekið stefnu atvinnurekenda í málinu. Og flokkar stéttsvikaranna, Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn, hafa beitt málgögnum sínum og áhrifum innan verkalýðshreyfingarinnar til að drepa baráttu afgreiðslustúlknanna niður. Í hverju málinu á fætur öðru afhjúpa Þjóðviljinn og Alþýðublaðið verkalýðsfjandsamlega stefnu sína og andstöðu sína við sameiningu verkalýðsins og sósíalismans. Hagsmunir þeirra eiga ekkert sammerkt með hagsmunum verkalýðsstéttarinnar. Í baráttunni gegn auðvaldi og bandhundum þess innan raða verkalýðsins hefur Stéttabaráttan æ þýðingarmeira hlutverki að gegna. Blaðið hefur lagt sig í líma við að flytja fréttir af baráttu verkalýðs og vinnandi alþýðu heima og erlendis, og afhjúpa það misrétti sem auðvaldsþjóðfélagið stendur fyrir.

Blaðið hefur leitast við að veita leiðsögn í baráttu verkalýðsstéttarinnar fyrir bættum kjörum og samtvinnað hana baráttuna fyrir afnámi auðvaldsþjóðfélagsins Blaðið hefur undanfarin ár vaxið að umfangi og útbreiðslu, en mikið skortir upp á að blaðið sé fært um að gegna hlutverki sínu sem raunverulegt baráttu málgagn og skipuleggjandi verkalýðsstéttarinnar. Í auðvaldsþjóðfélaginu eru allir fjölmiðlar, útvarp, sjónvarp, dagblöðin, tímaritin og samkomusalir í eigu borgarastéttarinnar. Lýðræðið og möguleikar á að koma skoðunum sínum á framfæri eru bundnir því að eiga peninga og "vera með réttar skoðanir" eins og það heitir á máli auðvaldsins.

Gegn borgaralegu fjölmiðlunum stendur Stéttabaráttan ein. Í dag stendur blaðið á þeim tímamótum að breytast úr tímariti í raunverulegt baráttublað sem gripið getur inn í atburði líðandi stundar. Það verkefni að halda blaðinu úti er algerlega á ábyrgð velunnara og stuðningsmanna blaðsins, og útbreiðsla og efni blaðsins getur ekki verið betra en starf þeirra gefur tilefni til. Stéttabaráttan er ekki borguð af ríkisvaldinu eða auglýsingum auðvalds og braskara, heldur byggir fjárhag sinn á lausasölu, áskriftum og framlögum stuðningsmanna.

Nú þegar ákveðið hefur verið að gefa blaðið út vikulega frá og með áramótum verðum við að treysta á stuðningsmenn okkar um allt land að þeir leggi harðar að sér í starfinu fyrir blaðið.

Ályktun 2. landsfundar miðstjórnar KFÍ/ML um eflingu blaðsins beinir því til flokksins og stuðningsmanna hans að leggja hart að sér til að fjárhagur blaðsins komist í betra horf. Stéttabaráttan á nú útistandandi í ógreiddum áskriftum sem gjaldfalla á þessu ári nær 2.milljónum króna, svo það er mikið í húfi að áskrifendur bregðist vel við og greiði gjaldfallnar áskriftir.

Undanfarið hefur áskrifendum fjölgað um nær 200, en þar sem vikublaðið mun í auknum mæli styðjast við áskrifendur er nauðsynlegt að láta hvergi deigan síga og auka enn áskrifendafjöldann. Það hefur færst mjög í vöxt að velunnarar blaðsins sendi því efni, en betur má ef duga skal. Það er markmið okkar að hafa fréttaritara á öllum stærri vinnustöðum, verkalýðsfélögum og annars staðar þar sem verkafólk er. Þú sem þetta lest getur orðið fréttaritari blaðsins á þínum vinnustað. Ekkert hagsmunamál verkalýðsins er blaðinu óviðkomandi, svo sem ábendingar, úrklippur úr blöðum, upplýsingar um öryggismál, vinnuaðstöðu osfrv. er vel þegið, svo ekki sé nú talað um greinar um þessi mál.

Á næstunni mun verða gefinn út bæklingur sem ritnefnd vinnur nú að, þar sem settar eru fram hugmyndir okkar um hvernig efla megi blaðið og hvernig velunnarar Stéttabaráttunnar geti best unnið fyrir blaðið. Þessi bæklingur verður eins konar stafakver um uppbyggingu kommúnísks blaðs. Við hvetjum alla sem blaðið styðja til að taka þennan bækling til umræðu og leggja sitt af mörkum til að skapa verkalýðsstéttinni raunverulegt baráttumálgagn.

Kjarabaráttunefnd á að vera virkur baráttuhópur ekki vasaútgáfa alþingisnefndar

Ný lög sem sett voru á síðastliðnum vetri um námslán og námsstyrki koma til framkvæmda nú í vetur. Til að afla upplýsinga um þessi mál öll og aðstöðu námsfólks fór tíðindamaður Stéttabaráttunnar á fund Hjördísar Bergsdóttur sem er fulltrúi Myndlista- og handíðaskóla Íslands í Kjarabaráttunefnd íslenskra námsmanna. Kjarabaráttunefnd þessi er skipuð fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: Stýrimannaskólanum, Vélskólanum Háskóla Íslands, Kennaraháskólanum, Myndlista- og handíðaskólanum, Fóstruskólanum, Tækniskólanum, Leiklistarskólanum og Fiskvinnsluskólanum. Auk þess eru þar fulltrúar frá Iðnnemasambandi Íslands og Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE).

- Hjördís, hefur forysta Kjarabaráttunefndar leitt til einhvers árangurs í kjarabaráttu. námsmanna?

HB: Ég veit ekki hvað skal segja. Það er erfitt að svara þessu svona með fáum orðum.

Í fyrsta lagi hefur barátta nefndarinnar beinst gegn seinkun lána og rýrnun þeirra milli ára.

Í öðru lagi hefur nefndin starfað að endurskoðun laganna um námslán og námsstyrki og unnið upp tillögur um endurgreiðslur þeirra.

Það er naumast hægt að tala hér um raunverulegan árangur. Það sem mér finnst kannski einna jákvæðast varðandi fyrra atriðið er sú staðreynd að námsmenn hafa sýnt í verki að þeir geta myndað fjöldasamstöðu til að hrinda verstu árásum ríkisvaldsins.

Með hefðbundinni baráttuaðferð s.s. opnum fundum og dreifibréfum alls konar hefur nefndinni tekist að koma af stað almennri umræðu meðal námsmanna um kjör sín. Þau eru fyrir neðan allar hellur. Námsmenn geta því aðeins stundað nám sitt að þeir fái námslán til að framfleyta sér yfir skólamánuðina.

Kaupmáttur launa okkar leyfir ekki nema í nokkrum undantekningartilfellum að við spörum af sumartekjum nóg til að lifa af veturinn.

- Hvað hefur Kjarabaráttunefnd gert til að vinna gegn nýju lögunum?

HB: Þar finnst mér okkur aftur á móti hafa mistekist hroðalega. Nú er svo komið að við höfum misst allt úr höndunum á okkur í hendur ríkisvaldsins enda látið okkur nægja að berjast með aðferðum ríkisvaldsins sjálfs. Og það sem við héldum að yrði réttmætt kemur í rauninni harðast niður á okkur sjálfum. Það er ömurlegt að hugsa til þess að þessi óvissa sem alla tíð hefur ríkt um úthlutun lánsfjárins til lánasjóðsins, það að námsmenn hafa þurft að berjast fyrir hverri greiðslu sem ríkisvaldinu þóknaðist allranáðarsamlegast að láta af hendi rakna, verði til þess að námsmenn finni sig knúna til að koma til móts við það með smíði tillagna sem svo að sjálfsögðu ekkert tillit var tekið til.

Það sem ríkisvaldinu hentaði best úr tillögunum þ.e.a.s. verðtrygginguna tók það upp en gekk algerlega framhjá öðrum atriðum, s.s. 100% brúun umframfjárþarfar.

Ég álít það hafa verið mistök að færa þannig ríkisvaldinu vopn upp í hendurnar sem það notaði gegn okkur.

Þessar tillögur sem eignaðar eru Stúdentaráði Háskóla Íslands gengu lengra í endurgreiðslum en ríkisvaldið sjálft hafði þorað að ganga á sama tíma. En eftir að þessar tillögur námsmanna eru framkomnar og studdar af námsmönnum hér heima telja ráðamenn sér óhætt að fara af stað.

Sjálf hugmyndin að tengja endurgreiðslurnar tekjum manna er virðingarverð viðleitni til að stuðla að launajöfnuði en tekur ekkert tillit til þeirra bláköldu staðreynda að menntamenn munu krefjast þeim mun hærri launa sem námsskuldir þeirra eru meiri. Auk þess getur slíkt kerfi aðeins miðast við ranglátt skattakerfi.

Ég hafna þeirri skoðun sem sett er fram í 4. tbl. Stúdentablaðsins í ár að endurgreiðslutillaga námsmanna sé ekki málamiðlun við ríkisvaldið heldur gerð til að "benda á réttláta lausn og reyna þannig að vinna fylgjendur jafnréttis og jafnaðar til stuðnings við námsmenn." Í vinnuplaggi Kjarabaráttunefndar er talað um að gera ríkisstjórninni raunhæft tilboð.

Þetta raunhæfa tilboð, sem átti að tryggja námsmönnum efnahagslegt jafnrétti til náms, tengja námsmannabaráttuna baráttu verkalýðsins og um leið efla skilning námsmanna á félagslegu samhengi sínu, gekk lengra en tilboð ríkisstjórnarinnar á sama tíma svo ég fæ ekki séð hvernig hægt er að komast hjá að tala um málamiðlun.

Hræðsla við fjöldabaráttuna

- Hvað viltu segja um starfið?

HB: Mér finnst að nefndin hafi verið of upptekin af því að vinna á þingræðislegan hátt með því að senda út ályktanir og dreifibréf í metratali og miða aðgerðir (aðgerðaleysi) við þingnefndir. Kjarabaráttunefnd hefur verið of upptekin af því að styggja ekki almenningsálitið, styggja ekki ríkis-



stjórnina og halda því sem þó hafði áunnist.

Við vorum hrædd við það að fara í aðgerðir og afsökuðum okkur gjarnan með því að það væri ekki grundvöllur fyrir átökum núna vegna þessa eða hins. Það hefði virkilega þurft að vera aðgerðahópur innan nefndarinnar, sem eingöngu sá um baráttuaðgerðir.

Það má þó enginn skilja gagnrýni mína þannig að ég sé að velta allri ábyrgð á mistökunum yfir á aðra. Þessi mistök voru verk okkar allra en mistök eru til að læra af.

Lögin

- Hvernig telur þú að kjör námsmanna verði eftir nýju lögin, og munu einhverjir hverfa frá námi?

HB: Kjörin verða sjálfsagt þau sömu og hingað til. Ég á ekki von á því að þau batni til muna.

Það fé, sem ríkisvaldið veitir til lánanna nægir ekki til að brúa 100% umframfjárþörf námsmanna og í hvert skipti verður þref og þras að fá það út úr ríkiskassanum, sem sagt er að hafi mörg og stór göt um þessar mundir og leki einhver ósköpin.

Reyndar leiðist mér orðið umframfjárþörf þegar fólk rétt mer það að lifa af lánunum.

Ég held ekki að fólk hrökklist frá námi sem er á annað borð byrjað en margir munu sjálfsagt velja sér nám sem er styttra eða gefur af sér háar tekjur þegar út í atvinnulífið kemur. Sumir munu ef til vill ekki þora út í nám.

Ríkisvaldið getur hugsanlega notað þessi lög sem hagstjórnartæki með því t.d. að veita meira fé í þær greinar sem það telur hagnýtt nám á hverjum tíma. Og það fer þegar fram nokkurs konar stýring að ofan þar sem verkmenntunarskólar eru.

Þar fá nemendur ekki sömu hvatningu og háskólastúdentar til náms því þeir fá ekki námslán í sama mæli og þeir í Háskólanum. Í verkmenntunarskólum fá kannski síðasti eða tveir síðustu árgangarnir lán aðrir ekkert. Þess utan verður ónóg fjárveiting til uppbyggingar og viðhalds þessara skóla til þess að færri komast að en vilja.

Kjarabaráttunefnd á að vera virkur baráttuhópur

- Hvaða stefnu verður námsmannahreyfingin að taka upp nú til að hrinda árásum ríkisvaldsins?

HB: Það er erfitt að gefa út neina uppskrift að því svona í fljótu bragði.

Mér finnst að við ættum að halda fjöldabaráttunni áfram og efla hana. Koma á víðtækari upplýsingastarfsemi því að það er mjög mikilvægt að allir séu vel heima í þessum málum, en ekki bara nokkrir guðsútvaldir sem ákvarða síðan eitthvað fyrir fjöldann.

Kjarabaráttunefnd á að vera virkur baráttuhópur en ekki dauð nefnd, vasaútgáfa alþingisnefndar.

Þannig tel ég að barátta námsmanna geti orðið öflug og árangursrík í framtíðinni.

M.



... í Stuttu máli

NÝJA SJÁLAND: KYNÞÁTTAKÚGURUM HAMPAÐ.

Gífurlegt atvinnuleysi er í Nýja Sjálandi og ein af aðferðum stjórnarinnar til að hamla gegn því er að takmarka innflutning vinnuafls til landsins. Kommúnistar á Nýja Sjálandi hafa afhjúpað að þessi stefna stjórnarinnar byggir á mismunun eftir litarhætti. "Ólöglegir innflytjendur" frá kyrrahafseyjum mæta mikilli hörku. Þeir eru settir í fangelsi og síðan sendir til baka þaðan sem þeir komu. En hvítir "flóttamenn" frá Rhodesiu og S-Afríku fá alla fyrirgreiðslu sem hugsast getur, og stjórn Nýja Sjálands gerir allt sem í hennar valdi stendur til að örfa þá til að koma með eigur sínar og fjárfestingar til landsins. Nýsjálenskt auðvald hugsar gott til glóðarinnar að fá einhvern hluta fjársjóðanna sem hvítir hafa öðlast með arðráni í Afríku til landsins. En mikil fjöldahreyfing hefur farið af stað í Nýja Sjálandi sem stefnir að því að vernda hina 12 - 15 þúsund "ólöglegu innflytjendur" frá kyrrahafseyjunum en gera kynþáttakúgarana landræka.

ARGENTÍNA: HÆGRI-FASISTAR FREMJA HRYÐJUVERK.

Hægri öfgamenn, sem verndaðir eru af fasískum öflum innan hers Argentínu hafa unnið fáheyrð hryðjuverk gegn vinstrisinnum að undanförnu. 19-20 ágúst sl. voru 46 manns myrt af hægrimönnum. Í smábæ 25 mílur frá Buenos Aires voru 30 manns, bæði konur og karlar pyntuð og síðan skotin með vélbyssu. Á lík þeirra voru fest spjöld sem á stóð: Montenero-kirkjugarðurinn - tekin af lífi fyrir föðurlandssvik." Montenero er nafn á hægfara vinstri hóp sem herforingjastjórnin bannaði fyrir nokkrum árum. Annar hópur fórnarlamba fasistanna var tekin af lífi í úthverfum Buenos Aires daginn eftir. Voru það amk 16 manns.

BANDARÍKIN: TENGSL CIA OG VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR AFHJÚPUÐ.

Í nýútkominni bók, "The brothers Reuther", eftir fyrrverandi starfsmann UAW (United Auto Workers - samtök bifreiðaiðnaðarverkamanna), Victor Reuther, er flett ofanaf tengslum CIA og AFL-CIO. AFL-CIO er sem kunnugt er heildarsamtök bandarískra verkamanna, einskonar ASÍ-Bandaríkjanna. Victor Reuther er bróðir Walters Reuther er stofnaði UAW og hann hefur um árabil unnið sem fulltrúi fyrir utanríkissamskipti fyrir félagið. Í bók sinni rekur hann hvernig allt frá 1950 streymdi fé til ýmissa hægrimanna og samtaka innan verkalýðsfélaga víða um heim, þó einkum í Evrópu. Mestar fjárfúlgur fóru til hægri-öfgamanna í Grikklandi, Ítalíu, Frakklandi og Norður Afríku. Auk AFL-CIO voru Alþjóðasamtök frjálsra verkalýðsfélaga notuð í þessum tilgangi, en þau samtök voru stofnuð af CIA. ASÍ er sem kunnugt er aðilji að þessum samtökum, og samkvæmt Birni Jónssyni eru þetta ágætis samtök, en ætli Birni finnist CIA ekki ágætis samtök.

Er barnaskólinn menntastofnun eða...

Sífellt kvarnast utan af hinu gamla hlutverki fjölskyldunnar. Upphaflega var fjölskyldan sambærileg við heilt þjóðfélag. Það var á þeim tíma sem fólk lifði saman í hjörðum. Nú er svo komið að helsta hlutverk fjölskyldunnar er að búa til börn því að skóli og fleiri uppeldisstofnanir hafa að töluverðu leiti tekið við því hlutverki fjölskyldunnar að ala börnin upp. Foreldrar afhenda þessum stofnunum börnin sín til geymslu, ýmist allan daginn eða hluta úr degi. Skólanum er falið að kenna börnunum að lesa og skrifa fyrstu árin. Þeim er hrúgað saman allt að 30 í einn bekk þannig að árangurinn verður misgóður. Að því er ekki gáð að börn eru misfljót að þroskast andlega, rétt eins og þau eru misfljót að þroskast líkamlega. En þar sem skilyrðislausri jafnaðarstefnu er fylgt í skólunum skal öllum kennt hið sama. Þannig skulu 10 ára gömul börn læra að lesa og skrifa dönsku. Engu skiftir þó þau séu ennþá ílla læs á íslensku. En þessu ráða "menn fyrir sunnan" í ráðuneytinu og engin fær þar neinu um þokað. Skólarnir stefna að því að móta alla í sama mót í stað þess að þroska hæfileika barnanna sjálfstætt. Í rauninni er þessi jafnaðarstefna eða meðalmennskustefna hin mesta ójafnaðarstefna Hún þjónar afturhaldsöflunum og engu öðru. Skólarnir útskrifa fólk sem er varla læst á bók. Ólæst fólk verður sennilega mjög þægur vinnukraftur. Það getur ekki lesið Stéttabaráttuna og veit þar af leiðandi ekki jafn vel hvernig það á að berjast fyrir rétti sínum. Í stað þess að kenna börnunum að lesa eru þau látin föndra við alls konar hluti og búa til drasl sem er til lítils nýtt. Föndrið er jafnvel orðið svo fjarlægt raunveruleikanum að það þarf að leggja fyrir börnin sérstök verkefni til að örva sköpunnargleðina. Sum þeirra eru fólgin í því að láta þau sulla með liti og búa til "abstrakt" listaverk.
En ég hygg að árangurinn af þessum verkefnum verði síst til að auka sköpunargleðina. Látum börnunum í té raunverulegt verkefni þar sem þau geta gert eitthvað til gagns. Lítum á stutta frásögn úr kínverskum skóla:
"Hver barnaskóli í Tungchang -sýslu í Kwantung-héraði hefur eigið bú. Í tilraunum til þess að fá meiri uppskeru af sykurreir tókst nemendunum að fá 60 tonna meðaluppskeru af hektara, en mest 270 tonn af hektara. Þetta hefur aukið framleiðsluna á staðnum geysilega. Unglingarnir á áfskékktum stöðum eru hrifnir af jörðinni og vilja yrkja hana og þeir hjálpa við að byggja sósíaliskt þjóðfélag jafnhliða því sem þeir ganga í skóla." (Þessi frásögn birtist nýlega í Peking Review.)
Ég er hræddur um að bið verði á því að svona nokkuð gerist í íslenskum skólum á sama tíma og verið er að koma í veg fyrir að börn og unglingar geti tekið þátt í haust- og vorönnum með því að lengja skólaárið.

-/Ing. Akureyri.

STÉTTABARÁTTAN RÆÐIR VIÐ LILJU KRISTJÁNSDÓTTUR

„Stuðningur verkalýðsfélaganna er okkur nauðsyn"

- Hver var aðdragandi síðustu aðgerða ykkar?

LK: Starfshópurinn var kallaður á fund stjórnar Mjólkursamsölunnar skömmu eftir afhendingu listanna, nánar tiltekið þ. 10.9. s.l. Stjórnin sagði það fasta og óhagganlega ákvörðun sína að loka búðunum á tilsettum tíma, og eftir breytinguna myndi mjólkin fást víðar, því margir kaupmenn hefðu lofað selja mjólk. Þeir tóku sem sagt ekki til greina kröfur rúmlega 17 þúsund neytenda, og held ég að það sé varasamt fyrir fólk að treysta á það að dreifing mjólkurinnar komist strax í lag, því það tekur tíma að fá leyfi til mjólkursölu, og strangar kröfur þarf að uppfylla. Starfshópurinn krafðist skriflegs svars frá þeim, og barst það skömmu seinna. Þar viðurkenna þeir í fyrsta skipti að lögin um mjólkursölu banni MS ekki að selja mjólk.

Í framhaldi af þessu var haldinn félagsfundur í ASB. Þar var samþykkt stuðningsyfirlýsing við kröfur undirskriftalistanna, og var hún send fjölmiðlum. Þá var kosin 5 manna nefnd til stjórnar aðgerðunum gegn lokun mjólkurbúða og samninga í því sambandi. Í framhaldi af þessu var ákveðið að halda borgarafund og kröfugöngu. Þá var verkalýðsfélögunum sent bréf þar sem farið var fram á stuðning við aðgerðir þessar, og var það framhald af bréfi ASÍ til félaganna þess efnis að þau styddu baráttu ASB.

Allir í 5mannanefndinni skrifuðu undir þetta bréf, þar á meðal Hallveig Einarsdóttir, formaður ASB. Þann sama dag og bréfin voru undirrituð, var haldinn stjórnarfundur í ASB. Þar voru mættar 4 stjórnarkonur af 5, og var engin varakona boðuð. Á þessum fundi var borin upp eðlileg tillaga þess efnis að félagið styddi aðgerðirnar á laugardeginum næsta. En formaðurinn ásamt 2 fylgifiskum sínum voru á móti því, þannig að atkvæðin féllu 3:1. Ég get ekki annað sagt en að mér finnst þetta mjög furðulegt. Það var búið að undirbúa aðgerðirnar í samráði við Hallveigu, og hún átti að tala á fundinum. Hún hringdi í mig og sagði mér hvernig hefði farið. Þá fannst mér allur grundvöllur brostinn fyrir því að hún talaði á fundinum á laugardeginum og tilkynnti ég henni fyrir hönd samstarfshópsins að við óskuðum ekki eftir henni á mælendaskrá. Hún virðist alltaf berjast með atvinnurekandanum í raun og veru, og jafnframt reynir hún eins og hún getur að halda stöðu sinni sem formaður ASB.

En henni fannst sér misboðið og frétti ég að allt væri sett af stað til að eyðileggja og ljúga upp á okkur sem stóðum að aðgerðunum. Lygarnar voru þess efnis að við hefðum frá upphafi bannað henni að tala og unnið að klofningi.

- Er hugsanlegt að hjálpin sem hún fékk sé komin frá "flokki verkalýðsins" þ.e. Alþýðubandalaginu?

LK: Já, en ég vil samt ekki fullyrða neitt um það, en það var undarlegt hvernig þetta fór. Við fengum ekki stuðningsyfirlýsingu við aðgerðirnar frá neinu verkalýðsfélaganna hér í Reykjavík, nema Sókn.

- En hvernig fannst þér aðgerðirnar svo heppnast?


LK: Mjög vel, þrátt fyrir þennan leiðinda klofning sem átti sér stað. Fundinn sóttu um 350 manns.

- Hvað er svo framundan?

LK: Nú, okkur langar til að ná til verkalýðsfélaganna, og við trúum ekki að forystan sé svo rotin að við getum ekki afsannað lygar þær sem upp á okkur hafa verið bornar og fengið þau í lið með okkur. Það verður að koma beinn stuðningur, þ.e. við viljum fá þau til aðgerða. Það hefur varnað okkur gífurlega hvað formaðurinn hefur unnið mikið með atvinnurekandanum, og hefur lagt mikla áherslu á að vinna að atvinnumiðlun kaupmanna. Þessi atvinnumiðlun er aðeins nafnið tómt, og höfum við heyrt margsinnis frá kaupmönnum að þeir ætli að ráða konur til sín í smátíma, en reka þær svo.

- Hvað viltu segja að lokum?

LK: Ég vil segja það að við treystum á að ASÍ sýni okkur virkan stuðning samkvæmt bréfi þeirra til okkar.



Þessi staðgreiðslunóta barst skrifstofu ASB fyrir nokkru frá manni í Mosfellsveit. Fylgdi eftirfarandi saga með nótunni: "Maður þessi fór í kaupfélagið á Brúarlandi og keypti þar mjólk. Bað hann um poka undir mjólkina, og fékk hann, en var krafinn um 5 krónur í viðbót fyrir vikið. Maðurinn hváði og spurði hvers vegna hann þyrfti að borga fyrir bréfpoka. Fékk hann það svar, að það væri svo lág álagning á mjólk að verslunin hefði ekki efni á að gefa poka með henni!" Þetta sýnir okkur berlega hvert stefnir, ef Mjólkursamsalan lokar Mjólkurbúðunum. Kaupmenn munu þrýsta á um að álagning á mjólk verði hækkuð, og þannig þurfa neytendur að borga hærra verð fyrir mjólkina.

Illa búið að öldruðum

Ég man ekki eftir að Stéttabaráttan hafi nokkrun tíma rætt um málefni aldraðra. Gamla fólkið sem þegar hefur gegnt hlutverki sínu í lífinu er fótum troðið í þessu þjóðfélagi, þjóðfélagi auðkýfinga og gróðabraskara. Tel ég því fulla þörf á að loksins sé þetta mál tekið upp í málgagni verkalýðsins, Stéttabaráttunni.

Ég hef um nokkurt skeið unnið á einni af geymslustofnunum fyrir gamla fólkið, Elliheimilinu að Grund. Grund er svokölluð sjálfseignarstofnun en í raun rekur Gísli Sigurbjörnsson, forstjóri, heimilið sem sinn einkagróðabissness. Í samræmi við það er sú þjónusta sem gamla fólkinu er veitt í lágmarki.

Við starfsfólkið höfum flest enga starfsmenntun. Auk þess vinna á mörgum deildum of fáir. Við púlum því í sveita okkar andlitis til að ljúka mest aðkallandi skyldustörfum en getum lítt sinnt þörfum vistmanna. Hjúkrunarkonur, eða starfsfólk með álíka menntun, hafa við sama vandamál að stríða. Fer því oft svo að öll þau meðöl sem pundað er í gamla fólkið daglega eru afhent okkur og við látin skammta þau. Þó að hjúkrunarfólkið flokki meðölin tel ég þetta fullkomið ábyrgðarleysi sem gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Enda skilst mér að þetta sé brot á lögum.

Hreinlætisaðstöðu á Grund er einnig mjög ábótavant. Sem dæmi ætla ég að taka þann gang sem ég vinn á: Fyrir þau 35-40 gamalmenni sem þar búa eru aðeins tvö salerni. Löggjöf um hreinlæti á vinnustöðum kveður svo á að fyrir þennan fjölda verkafólks þurfi 3-4 salerni. Í þessi tvö salerni er einnig hellt úr öllum skúringafötum og koppum. Kopparnir og föturnar eru svo þvegin í þeim eina vaski sem á baðherberginu er - þ.e. þeim vaski sem einnig er ætlaður til handþvottar.

Ekki tekur betra við í eldhúsinu. Engin uppþvottavél er á staðnum og eru því öll leirílát handþvegin. Augljóst er að með þessu móti er ekki hægt að sótthreinsa matarílátin. Þeirri hættu að pestum gjósi upp meðal gamla fólksins sem sérstaklega er næmt fyrir sjúkdómum, er því með þessu móti beinlínis boðið heim. Hafa smitsjúkdómar reyndar lagst á stofnunina oftar en einu sinni.

Það sem ég hef sagt hér um Elliheimilið að Grund er ekkert einsdæmi. Það er illa búið að öldruðum í gjörvöllu þjóðfélaginu. Hinn lági ellilífeyrir og slæm félagsleg þjónusta rekur gamalmenni sem annars eru nokkuð sjálfbjarga til að leita á náðir elliheimilanna. Það sem bíður þeirra á elliheimilunum eru endalausir dagar, félagsleg einangrun frá öðrum kynslóðum og - því miður oft og tíðum léleg aðhlynning. En þessi tilhögun er einmitt sú tilhögun sem burgeisarnir hagnast á. Hinu mannúðarlausa auðvaldsþjóðfélagi stendur alveg á sama um gamalt fólk sem þarf jafnvel að eyða áratugum af lífi sínu við þessar illu aðstæður.

Er líf gamla fólksins einskis virði? Í augum peningavaldsins: Nei, gamla fólkið er fyrir peningavaldinu í æðisgengnu gróðakapphlaupinu. Peningavaldinu er kvöð af þjóðfélagsþegnum sem ekki lengur geta unnið. Það beitir því öllum hugsanlegum ráðum til að geta einnig grætt á gamla fólkinu.

- Í augum okkar: Jú, þau sem ólu okkur í heiminn, þau sem breyttu örsnauðu bændasamfélaginu á Íslandi í iðnþróað ríki, þau sem þurfa að berjast við sama óvin og við, peningamennina - þau eiga skilið að eiga góða elli.

Starfstúlka.

ÚR EINU Í ANNAÐ

Héðan í frá verður að umorða hin fleygu orð Karls Marx - að trúin sé ópíum fyrir fólkið - þannig að þau svari til veruleika dagsins í dag. Trúin er eitur fyrir fólkið.

Eins og kunnugt er af fréttum bárust baneitruð efni frá svissneskri efnaverksmiðju í Norður-Ítalíu, nánar tiltekið Seveso, út í umhverfið. Flytja varð alla íbúa af svæðinu. Undanþága var einnig gefin frá ítölsku fóstureyðingarlögunum, þar eð læknar töldu yfirgnæfandi líkur á að öll börn sem þá voru í móðurkviði myndu fæðast meira eða minna vansköpuð.

En fiskimaðurinn í Róm sagði nei. "Deyðing á mannlegu lífi" samrýndist ekki hinni einu, sönnu kaþólsku trú.

Nú hefur það gerst. Þær konur, sem gengust undir vilja páfans og hafa orðið léttari, hafa allar fætt vansköpuð börn.

Mikill er vegur Drottins og páfa hans.

RAGNAR ARNALDS hefur nú upplýst að aðildin að NATO sé réttlætanleg í þeim ríkjum þar sem hætta á fasisma er yfirvofandi.

Þetta eru merkilegar upplýsingar - sérstaklega fyrir grikki sem fengu að gjalda NATO-aðildarinnar með margra ára fasísku stjórnarfari.

Orð Ragnars Arnalds eru einnig stórmerk þar sem að niðurstaðan sem draga verður af þeim er sú að borgarastéttin sé ein helsta tryggingin gegn fasismanum. Morgunblaðið skynjaði orð R.A. sem ástaróð til NATO (enda ekki að furða) og fór nokkrum viðurkenningarorðum um formanninn.

Einum alþýðubandalagsmanni varð að orði er hann las umsögn Moggans um R.A. "það er gott að einhver er ánægður með hann."

HANNES H. GISSURARSON, hinn óþreytandi and-marxíski krossberi, hefur nú tekið til við að mennta unga íhaldsmenn í marxisma. Tilgangur Hannesar er auðvitað sá að herða ungviði borgarastéttarinnar - og útbúa framtíðarstirni Sjálfstæðisflokksins með hæfilega "þekkingu" á marxisma.

Kennsla Hannesar byggir á klókindalegum útúrsnúning og fölsunum - enda eiga andstæðingar marxismans ekki í önnur hús að venda.

Alþýðubandalagið er einnig að bísa við fræðslu af svipuðu sauðahúsi og Hannes H. Gissurarson, munurinn felst í því að and-marxismi og endurskoðun Alþýðubandalagsins er talin af sumum vera skapandi marxismi. Meira að segja Hannes er haldinn þeirri blekkingu. Margt hefur Marx mátt þola um dagana.

En þrátt fyrir tilburði Hannesar og endurskoðunarsinna Alþýðubandalagsins þá eflist marxisminn um allan heim.

Leshringir Heimdallar

Leshringur um kenningu Marxs.

Leiðbeinandi verður Hannes H. Gissurarson. Fundir leshringsins hefjast miðviku dag 6. okt. Efni fundanna verður sem hér segir

1. Karl Marx og kenning hans almenning
2. Þráttarhyggja (Dialectics)
3. Sögustefna (Historicism)
4. Söguleg efnishyggja (Historical materialism)
5. Sporgöngumenn Marxs heima og erlendis
6. Kenning Marxs metin
7. Kenning Marxs nú á dögum

Fundirnir verða með því sniði, að einhver þátttakenda hefur framsögu um fundarefnið, það er síðan rætt í ljósi ýmissa kafla í verkum Marxs og gagnrýnenda hans og reynt að orða einhverja niðurstöðu. Fengnir verða gestir, félagsfræðingar, hagfræðingar og heimspekingar eftir efnum og ástæðum, á fundina.

Bókakostur í leshringnum verður þessi: Karl Marxs og Friedrich Engels **Úrvals rit 1—2**, útb. Heimskringla. Karl R. Popper: **The Open Society and Its Enemies 1—2**. H. B. Acton **The Illusion of the Epoch** en tvo síðarnefndu ritin eru helztu gagnrýnisverk um kenningu Marxs nú á dögum. Reynt verður að útvega þátttakendum í leshringnum þessar bækur á sæmilegum kjörum.

Fundir verða hálfsmánaðarlega á miðvikudögum

Hannes H Gissurarson

Karl Marx

Kjartan G Kjartansson

Sú saga gengur manna á meðal í Moskvu, að ekki fyrir löngu hafi Brésnef klætt sig í verkamannaföt til að dulbúa sig, og farið út í verkamannahverfin til að reyna að komast að því hvort hann væri vinsæll meðal alþýðunnar. Hann fór á stóra krá og blandaði sér í hóp verkamanna þar. Það sýndi sig að dulgerfið var gott, og engin þekkti hann. Eftir skamma stund skaut hann inn í samræður verkamannanna: "Hvernig líkar ykkur svo við félaga Brésneff?" Það sló dauðaþögn á hópinn, og engin svaraði honum. Hann fór þá að borði annarra verkamanna og spurði þá sömu spurningarinnar. En aftur sló þögn á hópinn. Þannig fór hann borð af borði, og alltaf endurtók sagan sig. En í þann mund sem hann er að fara út úr kránni, vonsvikinn yfir að hafa ekki fengið svar við spurningu sinni, var pikkað í hann, og flóttalegur maður benti honum svo lítið bar á að fylgja sér. Maðurinn fór með Brésneff ínn í hliðargötu, þaðan inn í öngstræti, þar inn í port, og út í dimmt horn. Þar hvíslaði hann að Brésneff: "Þú mátt ekki láta það fréttast, en mér líkar ágætlega við Brésneff".

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.


Bandaríkin æsa til stríðs í Kóreu



Í ágústlokreyndu Bandaríkin að koma af stað stríði í Kóreu, og notuðu tré sem tylliástæðu. Forsaga málsins er þessi:
Allt frá miðjusíðasta ári hafa Bandaríkin mjög eflt vígbúnað sinn í S-Koreu. Leppstjórn Bandaríkjanna í S-Koreu hefur átt við mikla andstöðu að glíma og alþýða S-Koreu sameinast til baráttu gegn Pak-klíkunni og bandaríkjamönnum, en sú stefna N-Koreu að vinna að sameiningu landsins vex óðum fylgi. Alþýða Koreu veit, að frumskilyrði fyrir sameiningu landsins er, að bandaríska heimsvaldaríkið verði ábrott með herafla sinn og landið verði losað undan efnahagslegum kúgunartökum bandarísku heimsvaldastefnunnar. Svar Bandaríkjanna og leppa þeirra er aðeins eitt: Að berja niður með valdi alla mótstöðu og auka vígbúnað sinn. Alþýðulýðveldið Korea hefur hvað eftir annað fordæmt ögrunaraðgerðir bandaríkjahers við landamæralínuna og hlutlausa beltið sem aðskilur landshlutana, og 5. ágúst sl. sendi stjórn alþýðulýðveldisins frá sér tilkynningu þar sem vakin er athygli á því, að Bandaríkin hafa aukið mannafla sinn á landamærunum og flutt þangað fullkomnari hergögn. Látlaus stríðsáróður hefur verið rekin í S-Koreu, jafnt af Bandaríkjunum sem Pak-klíkunni. Í yfirlýsingu Alþýðulýðveldisins er bent á, að hætti þessum ögrunaraðgerðum ekki taki stjórn N-Koreu ekki ábyrgð á afleiðingunum.
Þessar ögranir náðu hámarki 18 ágúst sl. þegar Bandaríkin sendu mannafla inn á hlutlausa svæðið til að höggva niður tré sem að þeirra sögn skyggði á útsýni þeirra. Þetta gerðu þeir án þess að hafa samráð við landamæraverði N-Koreu, og öll bar aðgerðin með sér að henni var ætlað að ögra Alþýðulýðveldinu. Í átökum sem fylgdu voru tveir bandarískir foringjar drepnir.
Bandaríkin notfærðu sér þennan atburð til stríðsæsinga: Allt herlið þeirra í S-Koreu var sett í viðbragðsstöðu, mikið magn hergagna var sent til landsins og stóraukin herafli "Sameinuðu Þjóðanna" (les: Bandaríkjanna) í landinu. Pak, forseti S-Koreu sagði í ræðu að rétt væri að fara með stríði á hendur N-Koreu. Alþýðulýðveldið svaraði með því að senda frá sér yfirlýsingu þar sem atburðurinn var harmaður, en skýrt frá hvernig þetta átti sér stað:
"Þegar öryggisverðir N-Koreu bentu bandaríkjamönnum á, að þeim væri óheimilt að höggva tréð án samráðs við þá, var ráðist á þá, og exi hent í þá. Þegar þeir vörðu sig var liðsauki kallaður til af hálfu Bandaríkjanna, sem greinilega hafði verið viðbúin og í för með honum voru ljósmyndarar, svo greinilegt var að úr þessu átti að gera áróðursherferð gegn Alþýðulýðveldinu. Exin sem varð bandaríkjamönnunum að bana var bandarísk ríkiseign, einþeirra sem þeir komu með með sér."
Í stað þess að atburðurinn væri ræddur við stjórn Alþýðulýðveldisins réðst bandaríkjastjórn gegn því alþjóðlega, og notaði hann til að "sýna afl sitt og hörku". En hversvegna? Jú svarið við því er einfalt: Í fyrsta lagi voru Bandaríkjamenn að sýna veldi sitt fyrir framan alþýðu Koreu og alls heimsins, og reyna að hrekja það að Vietnamstríðið hefði dregið úr þeim vígtennurnar. En í öðru lagi var þetta kosningabrella hjá Ford, dagsett sama dag og þing republikana í Kansas City. Ford forseti vildi annan "Mayaguez" atburð, en eins og mönnum er í fersku minni öðlaðist Ford miklar vinsældir íhaldsmanna í Bandaríkjunum fyrir innrás sjóliða í Kambodiu til að bjarga Mayaguez á sínum tíma. Í keppninni um útnefningu sem forsetaefni republikana hafði Reagan ásakað Ford fyrir linkind í garð kommúnista. Harkan í Koreu núna er því bersýnilega ætluð til að reka af Ford það slyðruorð.
Tréð sem svo umdeilt var, var fellt þann 20 ágúst. Mikill herafli var sendur til að vinna verkið, alls nálægt 1000 manns og fengu þeir vernd frá vopnuðum þyrlum og sprengjuflugvélum, sem voru reiðubúnar til stórárásar á Norður Koreu. Fjöldi herskipa sigldi með ströndinni og sprengjuflugvélasveitir voru í viðbragðsstöðu.
Alþýðulýðveldið Korea lýsti því yfir að þeir væru ekki reiðubúnir til að fara í styrjöld út af trénu.
Alþýðulýðveldið skoraði á bandaríkjastjórn að hætta frekari ögrunnaraðgerðum, og koma í veg fyrir að svona atburðir endurtækju sig.
Þó bandaríkin hafi ekki farið í stríð í Koreu í ágústlok, að mestu vegna þess að N-Korea brást ekki við ögrununum eins og þau vonuðu, er ljóst að svo lengi sem Bandaríkin halda 42000 hermönnum með fullkomnustu vopn, þ. á. m. Kjarnorkuvopn í Koreu, og viðhalda óvinsælli fasiskri leppstjórn þar, þarf ekki mikið til að koma að Bandaríkin geri alvöru úr hótunum sínum til að hindra að vilji alþýðu Koreu um frið, sjálfstæði og sameiningu nái fram að ganga. -/ÓT

Tillögur Kissingers: Áframhaldandi harðstjórn

Á meðan alþýða Simbabve, Asaníu og Namibíu sameinast óðum í baráttunni gegn harðstjórn kynþáttakúgaranna gera nú vesturveldin og hinn hvíti minnihluti örvæntingarfulla tilraun til að tryggja sér áframhaldandi yfirráð yfir auðlindum þessara landa. Undanfarnar vikur hafa helstu leiðtogar auðjöfranna, með Kissinger utanríkisráðherra Bandaríkjanna og Ian Smith forsætisráðherra Simbabve (Ródesíu), í broddi fylkingar setið á rökstólum um hvaða aðferð sé þeim vænlegust til árangurs. Þann 25. september sl. birtust niðurstöður þeirra opinberlega. Í samkomulagsdrögunum fólst að ríkisstjórn Smiths öðlist nú loks alþjóðlega viðurkenningu - hins vegar setji helmingur hennar upp svartar grímur. Stefnt verði að alsvartri ríkisstjórn innan tveggja ára.
Gífurleg óánægja er meðal alþýðu Simbabve með samningana enda fela þeir ekki annað í sér en áframhaldandi harðstjórn. Frelsishreifingin Zanu hefur lýst því yfir að hún muni halda áfram vopnaðri baráttu gegn fasistastjórninni - blekkingarvefur heimsvaldasinnanna og handbenda þeirra í Simbabve, hvítra sem svartra, sé ekki annars verður en vera hunsaður. Og bandamenn hinna kúguðu í Simbabve eru öflugir, alþýða Asaníu og Namibíu berst við hlið þeirra og frelsishreifing alls heimsins styður baráttu þeirra heils hugar. Allt hið illa fengna gull heimsvaldasinnanna nægir ekki gegn byltingarmætti alþýðunnar.
-/HB



Fréttatilkynning frá Azaniunefnd

18.-21. október verða tveir fulltrúar frá þjóðfrelsisfylkingunni PAN AFRICANIST CONGRESS (PAC) í Azaníu (S-Afríku) staddir hér á landi. Markmið heimsóknar þeirra er að kynna baráttu alþýðunnar í Azaníu gegn Voerster-harðstjórninni, gegn kynþáttastefnu og fasisma hennar og allri heimsvaldastefnu. Að auki munu þeir hvetja til fjáröflunar handa PAC.
Nýstofnuð Azaníunefnd mun gangast fyrir almennum kynningarfundi á baráttunni í Azaníu miðvikudaginn 20. okt.
kl. 20,30 í Lindarbæ:
Á dagskrá verða m. a. ávörp, ræða Vuyani Mngaza og baráttusöngvar.
Azaníunefndin hvetur alla and-heimsvaldasinna til að styðja baráttu afrískrar alþýðu og fjölmenna á fundinn. Ennfremur minnir nefndin á fjársöfnun til PAC og alþýðu Azaníu, sem þegar er hafinn.
Kjörorð fundarins eru:
LIFI BARÁTTAN FYRIR SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTTI BLÖKKUÞJÓÐA.

SAMSTAÐA MEÐ UNDIROKAÐRI ALÞÝÐU AZANIU.

FULLUR STUÐNINGUR VIÐ PAC.

NIÐUR MEÐ KYNÞÁTTAKÚGUN OG FASISMA VOERSTER STJÓRNARINNAR.

Azaníunefndin
Gíró 72200.

Rauða Stjarnan
Bókabúð



VI VAR TOLV MAN I LAGET

Mikið úrval af erlendum plötum nýkomið. M.a. norskar, kínverskar, danskar, bandarískar og íslenskar. Auk þess bækur, blöð og tímarit. Sendum í póstkröfu hvert á land sem er. Verslið við Rauðu Stjörnuna, Lindargötu 15, einu útbreiðslumiðstöð byltingarsinnaðrar menningar á Íslandi.

RAUÐI FÁNINN

Rauði Fáninn er fræðilegt málgagn Kommúnistaflokks Íslands m-l. Hann kemur út óreglulega. Í næsta tölublaði sem væntanlegt er á næstunni er m.a. greinar um stéttgreininguna.

Gerist áskrifendur

Ég óska að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI

Frá og með tbl........

☐ Baráttuáskrift 3000.- kr. fyrir 24 tbl.
☐ Stuðningsáskrift 2400.- kr. fyrir 24 tbl.
☐ Venjuleg áskrift 1800.- kr. fyrir 24 tbl.

Nafn:..

Heimilisfang:..................................

Sendið miðann til STÉTTABARÁTTUNNAR. Pósthólf 1357

Áskriftaherferðin

Svæði	Kvóti	Áskriftir
Akureyri	25	11
Egilsstaðir	5	4
Hafnarfjörður	10	7
Húsavík	5	4
Keflavík	10	11 (110%)
Kópavogur	12	16 (133%)
Neskaupsstaður	7	6
Reykjavík	80	73
Suðurland	15	15
Vesturland	10	15 (150%)
Norðurland	5	15 (300%)
Austurland	10	10
Útlönd	6	8 (133%)
Heildin	200	195